

Frá hugmynd til framkvæmdar

Ytra mat á undirbúningi og innleiðingu Sigurhæðaverkefnisins

Efnisyfirlit

Samantekt.....	4
Summary.....	6
1. Inngangur.....	8
2. Aðferðir.....	9
2.1 Samskipti við verkefnisstjóra og viðtöl.....	9
2.2 Kannanir.....	9
2.3 Niðurstöður innra eftirlits.....	10
2.4 Önnur gögn.....	10
2.5 Matsaðilar.....	10
3. Upphafleg lýsing á Sigurhæðaverkefninu.....	11
3.1 Sigurhæðir.....	11
3.2 Markmið.....	11
3.3 Stjórnskipulag.....	11
3.4 Fjármögnun verkefnisins.....	12
3.5 Samtarfslíkan og framlag samstarfsaðila.....	12
3.6 Verkefnisstjóri.....	12
3.7 Verkefnisstjórn.....	12
3.8 Starfsfólk.....	12
3.9 Ferli og þjónusta.....	13
3.10 Fræðsla og aðrir viðburðir.....	13
3.11 Innra eftirlit.....	13
3.12 Verkþættir og tímalína.....	14
4. Tölulegar niðurstöður.....	15
4.1 Leiðin til Sigurhæða.....	15
4.2 Aðsókn og þróun hennar.....	16
4.3 Nýting bókaðra tíma.....	17
4.4 Bakgrunnur þjónustuþega.....	18
4.5 Tegundir ofbeldis og afleiðingar.....	20
4.6 Nýting þjónustu og þróun hennar.....	22
4.6.1 Stuðningsviðtöl.....	24
4.6.2 Hópastarf.....	24
4.6.3 EMDR meðferð.....	25
4.6.4 Þjónusta samstarfsaðila.....	26
4.7 Árangur meðferðar.....	26
4.8 Viðhorf þjónustuþega.....	28
4.9 Fræðsla, aðrir viðburðir og kynningarstarf.....	28
5. Aðrar niðurstöður.....	31
5.1 Undirbúningur og innleiðing.....	31
5.2 Fjármögnun.....	31
5.4 Stjórnun.....	31
5.3 Samstarf.....	32
5.5 Innra eftirlit.....	33
5.6 Starfsfólk.....	34
5.6.1 Fagfólk.....	34
5.6.2 Sjálfboðaliðar.....	35

6.	Helstu niðurstöður	36
6.1	Markmið og árangur	36
6.2	Innleiðing, stefna og stjórnun.....	37
6.3	Fjármögnun.....	37
6.4	Samstarf.....	38
6.5	Þjónusta	38
6.6	Starfsfólk.....	39
	Lokaorð.....	39
	Viðauki 1: Könnun á viðhorfi þjónustuþega	40
	Viðauki 2: Könnun á viðhorfi verkefnisstjórnar Sigurhæða.....	47

Myndaskrá

Mynd 1.	Leiðin til Sigurhæða.	16
Mynd 2.	Fjöldi forviðtala í Sigurhæðum á fyrsta heila starfsárinu, eftir mánuðum.	17
Mynd 3.	Bókuð viðtöl hjá Sigurhæðum á fyrsta heila starfsárinu, mæting í þau og nýting.....	18
Mynd 4.	Hlutfall þjónustuþega hjá Sigurhæðum á fyrsta heila starfsárinu eftir aldri og til samanburðar hlutfallið meðal kvenna á Suðurlandi.....	19
Mynd 5.	Hlutfall þjónustuþega hjá Sigurhæðum fyrsta heila starfsárið eftir búsetu og til samanburðar hlutfall kvenna í sömu sveitarfélögum.....	20
Mynd 6.	Tegundir ofbeldis og hlutfall þjónustuþega Sigurhæða sem hefur upplifað þær.....	21
Mynd 7.	Afleiðingar ofbeldis og hlutfall þjónustuþega Sigurhæða sem hefur upplifað þær eftir tegundum.	22
Mynd 8.	Flæðirit af þjónustuferli Sigurhæða.	23
Mynd 9.	Fjöldi þjónustuþega hjá Sigurhæðum á fyrsta heila starfsárinu, eftir tegund þjónustu.	23
Mynd 10.	Fjöldi þátttakenda í hópastarfi Sigurhæða, meðferðarlotu 1, 2 og 3 á fyrsta starfsári... ..	24
Mynd 11.	Fjöldi þjónustuþega í EMDR meðferð á fyrsta heila starfsári Sigurhæða.	25
Mynd 12.	Svör þátttakenda í könnun á viðhorfi þjónustuþega Sigurhæða við fullyrðingum um ávinning af ferlinu hjá Sigurhæðum.....	27

Samantekt

Skýrslan fjallar um helstu niðurstöður ytra mats á verkefninu Sigurhæðir sem er þjónusta fyrir þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi. Undirbúningur hefur staðið síðan haustið 2020 en Sigurhæðir hófu starfsemi 20. mars 2021 og hafa því starfað í eitt ár. Verkefnið er í eigu Soroptimistaklúbbs Suðurlands en með verkefninu vilja félagskonur leggja heimabyggð lið og valdefla sunnlenskar konur 18 ára og eldri sem vilja vinna sig frá afleiðingum kynbundins ofbeldis og starfa þannig í anda Soroptimista um allan heim og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Markmið verkefnisins er þrjúþætt; 1) að skapa konum í markhópnum nýjan öruggan vettvang í nærsamfélaginu til að vinna með aðstoð fagfólks úr áföllum og auka lífsgæði sín, heilbrigði og samfélagsþátttöku og bæta þannig stöðu sína, 2) auka samvinnu aðila sem vinna með málaflokkinn á Suðurlandi sem nýti Sigurhæðir sem úrræði fyrir þjónustuþega sína og 3) að auka vitund og þekkingu á kynbundnu ofbeldi meðal samstarfsaðila og almennings á Suðurlandi.

Markhópur Sigurhæða eru konur, þolendur kynbundins ofbeldis, 18 ára og eldri sem búsettar eru á Suðurlandi. Allar konur sem þangað hafa komið hafa fengið þjónustu. Sigurhæðir hafa sérstöðu á landsvísu því þar stendur þolendum til boða bæði ráðgjöf og stuðningur eins og víða annars staðar en að auki er í boði meðferð í hópstarfi og EMDR meðferð fyrir einstaklinga.

Matið byggir á gögnum matsaðila en samið var um ráðgjöf og ytri úttekt fyrir undirbúningstíma og fyrsta heila starfsár Sigurhæða, frá október 2020 til enda mars 2022. Auk gagna sem framkvæmdaraðili matsins safnaði í því ferli var nýrra gagna aflað með tveimur viðhorfskönnunum, viðtölum, á samráðsfundum og fyrirbyggjandi gögnum frá Sigurhæðum, meginðlegum og eigindlegum, um starfsemina almennt, þjónustuna og þjónustuþegahópinn.

Helstu niðurstöður eru:

- Verkefnið var vel undirbúið, skipulagt og framkvæmt. Innleiðingarferlið var undantekningalítið í samræmi við verklýsingu og tímaáætlanir og frávik oftast til bóta. Nálgunin sem tekin var við verkefnið var að ekki sé eingöngu verið að þjónusta markhópin heldur einnig stofnanir nærsamfélagsins og samfélagið í heild. Sveitarfélögunum og þjónustustofnunum bjóðast verkfæri og þátttaka í vettvangi sem gerir þeim kleift að ná sínum markmiðum um að bjóða íbúum betri þjónustu. Það er því mikil dýnamík í verkefninu því allir hafa hlutverki að gegna og allir vinna ef vel tekst til. Góður undirbúningur og sú nálgun sem tekin var við samstarfið eru án efa mikilvægir styðjandi þættir.
- Sigurhæðir hafa fengið öll 15 sveitarfélögin á Suðurlandi og félagsþjónustur þeirra til formlegs samstarfs, lögreglu- og sýslumannsembættin á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum, Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Geðheilsuteymi HSu, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Kvinnaráðgjöfina. Einnig eru Stígamót, Bjarkarhlíð, Kvennaathvarfið, Drekaflóð, Birta starfsendurhæfing Suðurlands og Róttin samstarfsaðilar án formlegrar aðildar. Eftir því sem næst verður komist er þetta víðtækasta og virkasta svæðisbundna samstarf á Íslandi sem tengist úrræði fyrir þolendur kynbundins ofbeldis.
- Samráðsvettvangurinn er verkefnisstjórn Sigurhæða en fulltrúar allra formlegra samstarfsaðila hafa setið fundi hennar. Eitt helsta hlutverk hennar er að tryggja snurðulaust samstarf og tilvísanir milli aðila og því hlutverki hefur hún sinnt vel. Almenn ánægja er með samstarfið og gert er ráð fyrir að því verði haldið áfram. Samstarfsaðilar hafa nýtt úrræðið, bera traust til fagaðila og hafa trú á því að úrræðið mæti þörfum þolenda. Helstu hindranir í samstarfi og tilvísunum eru taldar vera landfræðilegar og lagalegar. Það virðast þó frekar vera huglægar en raunverulegar hindranir.

- Sigurhæðir hafa nú verið opnar í eitt ár. Boðið er upp á alla þjónustu sem lagt var upp með, forviðtöl, stuðningsviðtöl, hópastarf og EMDR meðferð. Áætlanir gerðu ráð fyrir 64 konum á ári en í lok mars 2022 hafði 101 kona nýtt þjónustuna. Aðsókn er því meiri en gert var ráð fyrir, fer vaxandi og biðlistar byrjaðir að myndast. Konurnar eru á aldrinum 18-80 ára og af íslenskum og erlendum uppruna. Sterkar vísbendingar eru um að þjónustuþegahópur Sigurhæða sé öðruvísi samansettur en hjá öðrum úrræðum sem þjónusta þolendur kynbundins ofbeldis en hlutfall þeirra sem eru öryrkjar eða á starfendurhæfingarlífeyri er mjög hátt eða 40%. Áföllin eru oft gömul, samofin og flókin og þyngd mála mikil. Konurnar eru ánægðir með móttökurnar og nálgunina í meðferðarstarfinu, upplifa Sigurhæðir sem öruggan stað, treysta fagmennsku meðferðaraðila, upplifa árangur og geta mælt með þjónustunni.
- Þjónusta Sigurhæða er gjaldfrjál. Tæplega 7 af hverjum 10 sem svöruðu könnuninni á viðhorfi þjónustuþega sagði að það hefði haft áhrif á ákvörðun sína um að leita til Sigurhæða. Reynslan af fyrsta heila starfsárinu sýnir að miðað við þá þjónustu sem er í boði í dag og hvernig aðsóknin hefur þróast má ætla að um 33 milljónir þurfi á ári til að halda rekstrinum gangandi. Vel gekk að afla styrkja árið 2021 en fjármögnun ársins 2022 er ekki lokið og ekki sér enn fyrir endann á því verkefni. Það hefur því ekki tekist að tryggja fjárhagslegan grundvöll Sigurhæða til framtíðar. Nokkuð ljóst er að fjármögnun er stærsta hindrunin sem þetta verkefni mun mæta.
- Fagfólk Sigurhæða hefur frá upphafi lagt mikinn faglegan metnað í að þróa þjónustuna og ferlið með tilliti til þarfa skjólstaðingahópsins og þess fjárhagslega ramma sem þeim hefur verið settur. Eini veikleiki verkefnisins sem vert er að nefna er smæð vinnustaðarins sem gerir það að verkum að lítið má út af bregða til að meðferðarstarf fari úr skorðum. Eitt ár er skammur tími í meðferðarstarfi eins og Sigurhæðir bjóða upp á en fyrstu niðurstöður árangursmats benda til þess að meðferðarstarfið hafi skilað árangri.
- Töluvert álag er á fagfólkinu bæði vegna mikillar aðsóknar og fjölda þungra og erfiðra mála. Allir þeir fagaðilarnir hafa aukið viðveru sína en svigrúm til aukinnar viðveru er orðið takmarkað. Mikilvægt er að fylgjast vel með álagi á starfsfólk og bregðast við ef breyting verður á.
- Þegar á heildina er lítið er það mat úttektaraðila að Sigurhæðarverkefnið hafi gengið mjög vel og Sorptimistaklúbbur Suðurlands og samstarfaðilar náð öllum markmiðum sínum þótt enn sé tækifæri til að gera enn betur. Á aðeins einu ári hefur tekist að þróa nýtt og metnaðarfullt meðferðarúrræði fyrir þolendur kynbundins ofbeldis sem samstarfsaðilar nýta og treysta. Skilaboð þjónustuþega til stjórnenda Sigurhæða eru skýr:

„Ekki hætta“

„Þið megið alls ekki hætta“

„Plís, plís, ekki hætta“.

Summary

This document contains a compact External Evaluation Report on the project Sigurhaedir (e. Victory Hills), a centre for adult female survivors of gender-based violence residing in South Iceland. The Soroptimist Club of South Iceland is the founder and sole owner of the project and bears all financial responsibility. Victory Hills is a local community project. It is unique on national level, being the first to offer the target group counselling and support, as well as group therapy and EMDR treatment for individuals. Acting in the spirit of Soroptimists around the world and the UN Sustainable Development Goals, the Victory Hills project aims to empower adult female survivors of gender-based violence. The project has three main goals: 1) To create a new and safe place for the target groups in their local community, with access to professional services specially designed to support them in their battle with consequences of trauma in order to improve their quality of life, position and participation in society, 2) to increase cooperation between parties providing services to the target group within South Iceland, aiming toward widespread use of Victory Hills as one of their resources for their clients, and 3) to raise awareness and knowledge of gender-based violence among both partners and the public in the region.

This report outlines the projects implementation process, the partnership achieved, the services rendered and use thereof, as well as the project's major strengths and weaknesses. The evaluation is the product of a consultation and evaluation contract between the Soroptimist Club and Dr. Thorgerdur J. Einarsdottir, professor at University of Iceland School of Social Sciences and covers the preparation period and first year in action, from October 2020 until end of March 2022. The main conclusions are as follows:

- The project was well prepared, organized and executed. The implementation process followed the project plan closely with a few deviations, most often for the better. The approach taken, was for the project to serve not only the clients, but all the South Iceland society as well as the whole of society. Local authorities and service providers for the target group were offered tools and participation in a venue that allows them to achieve their goals of offering better services to residents. Everyone has a role to play in a win-win situation if the project is successfully implemented. Thus, the project is very dynamic and interactive in nature.
- The Soroptimist Club has successfully secured the cooperation of all 15 municipalities of South Iceland and their social services, the Icelandic Police Districts of South Coast and the Westman Islands, The Districts Commissioners of South Iceland and the Westman Islands, the Public Health Institute of South Iceland, the Icelandic Human Rights Centre, and The Women's Counselling, as well as several other NGOs working with the target group, mostly on the national level. This seems to be the most extensive and active regional partnership in Icelandic centres servicing the target group.
- The Project Management (PM) is the consultation forum of Victory Hills. Representatives of most partners have attended its meetings, fully participating. One of the PM's main roles is to ensure smooth cooperation and referrals between partners. It can be stated that the PM has served its purpose well. Surveys show that partnership satisfaction is high, and all expect to continue their participation. Partners have referred their clients to the centre, have full confidence in its professionals and their work and believe that services rendered meet the needs of the target group. The main barriers to cooperation and referrals are seen as both geographical, and legal. However, findings indicate that these obstacles are more often subjective than real.
- Victory Hills has now been open for a year and offers all services originally planned; pre-interview, support-interview, group-therapy, and EMDR-therapy. Estimates were made for 64 women a year, but by the end of March 2022, as many as 101 women had used the services. This equals 0.7% of women residing in South Iceland and the Westman Islands. The need for service

is clearly higher than anticipated, still on the rise and waiting lists are starting to form. The women are between the ages of 18 and 80, of both Icelandic and foreign origin. The proportion of clients defined as disabled or on a vocational rehabilitation pension is high, or 40%. This is a much higher portion than in other Icelandic centres servicing the same target group. Experience shows the women's trauma sagas are often long, intertwined, complex and difficult to deal with. This indicates strongly that Victory Hills are dealing with unusually high number of heavy and difficult cases.

- Findings from a user attitude survey are very positive. The women serviced find Victory Hills to be a safe haven, are satisfied with the treatment approach, trust the professionalism of therapists, are already experiencing results and are able and willing to recommend Victory Hills to their sisters.
- All services at Victory Hills are free of charge and 70% of the women participating in an attitude survey claimed this fact influenced their decision to seek service on offer. Based on demand for services accessible today, as well as the experience of the first full year of operation, it's expected that each year about ISK 33 million (€ 250 thousand) are needed to keep the centre running. Funding for 2021 was very successful, but 1/3 of funding for 2022 has yet to be secured, with very limited chance of further funding this year at state or municipal level. Thus, it remains an ongoing project to find ways to secure permanent funding and it is obvious to all that securing future financial basis for Victory Hills is by far the biggest obstacle this project faces.
- From the outset, professionals at Victory Hills have taken great professional pride in developing services and processes at Victory Hills, considering both their client's needs and the given financial framework. All professionals at Victory Hills work there part time, alongside their own practices. Two of them manage the primary-interviews and group therapy and one the EMDR-therapy. Obviously, it doesn't take much to disrupt the daily order or therapy plans. Apart from financing, this is the project's only weakness worth mentioning. A year is a short time in therapy treatment such as offered by Victory Hills. However, first findings on benefits of the process and therapy look very promising. Thus, there already are strong indications of success.
- Professionals at Victory Hills are under a considerable strain, due both to high demand and high percentage of complex and difficult cases. All three professionals have increased their working hours, but scope for further increase is very limited. It is of high importance to pay close attention to strain on employees and respond if there are any indications of change for the worse.
- It may be concluded the Victory Hills project has been very successful, and the Soroptimist Club of South Iceland and its partners have achieved all their objectives after only one year in operation. A new and ambitious support and therapy option has been developed for survivors of gender-based violence that partners have full confidence in and refer their clients to. As always, there is nevertheless an opportunity for further improvement. All in all, the project Victory Hills is a very ambitious, well prepared, successfully implemented and highly important local project of high quality. Victory Hills has a clear sustainability potential given success with future funding. The messages from recipients of Victory Hills services are clear:

“Don't close.”

“You mustn't close.”

“Please, please, don't close.”

1. Inngangur

Sigurhæðir, þjónusta fyrir þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi, er tilraunaverkefni í eigu frjálsu félagasamtakanna Soroptimistaklúbbs Suðurlands. Með verkefninu vilja Soroptimistarnir leggja heimabyggð lið, valdefla konur sem vilja vinna sig frá afleiðingum kynbundins ofbeldis og starfa þannig í anda Soroptimista um allan heim og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Úrræðið var opnað við hátíðlega athöfn þann 20. mars 2021. Þann dag var jafndægur að vori og lengri, bjartari og hlýrri dagar framundan sem segja má að sé lýsandi fyrir markmið verkefnisins. Aðstandendur Sigurhæða sömdu við Þorgerði J. Einarsdóttur, prófessor í kynjafræði við Háskóla Íslands um ytra mati á verkefninu í samstarfi við Kristínu A. Hjálmarsdóttur MA, sjálfstætt starfandi kynjafræðing. Nánar er skýrt frá matinu í kafla 2.5.

Skýrslan fjallar um helstu niðurstöður ytra mats á verkefninu *Sigurhæðir, þjónusta fyrir þolendur kynbundins ofbeldis*. Matstímabilið er október 2020 til 31. mars 2022 og nær bæði yfir undirbúningstímabil verkefnisins og fyrsta heila starfsár Sigurhæða. Tilgangur ytra matsins er að staðfesta að verkefninu hafi verið hrint í framkvæmd eins og að var stefnt, leggja mat á það hvort innleiðing verkefnisins og afurðir hafi verið í samræmi við verkefnislýsingu og markmið verkefnisins náðst. Áhersla er lögð á að meta árangur, styðjandi þætti og áskoranir sem verkefnið hefur mætt.

Kafla 2 fjallar um aðferðafræði matsins. Sigurhæðir eru verkefni í þróun og í kafla 3 er verkefninu lýst eins og það leit út þegar ákveðið var að hrinda því í framkvæmd. Þannig er markaður skýr upphafspunktur fyrir mat á þróunarferlinu. Kafla 4 fjallar um tölulegar niðurstöður og kafla 5 um aðrar niðurstöður. Að lokum eru helstu niðurstöður teknar saman í kafla 6. Í viðaukum 1 og 2 er að finna helstu niðurstöður úr *Könnun á viðhorfi notenda til þjónustu Sigurhæða* og *Könnun á viðhorfi verkefnisstjórnar Sigurhæða til reynslu og árangurs af samstarfinu*. Þær kannanir voru hluti af gagnaöflun vegna ytra matsins.

2. Aðferðir

Margvíslegum gögnum var safnað fyrir þessa skýrslu. Nýrra gagna var aflað með reglulegum samskiptum, hálfstöðluðum viðtölum og viðhorfskönnunum. Sigurhæðir hafa einnig veitt aðgang að ýmsum gögnum tengdum starfseminni til dæmis tveimur verkefnislýsingum með kostnaðaráætlun og tímalínu, minnisblöðum verkefnisstjóra, upptöku af einum fundi verkefnisstjórnar ásamt fundargerðum hennar og fylgigögnum. Ennfremur gögnum tengdum undirbúningi og framkvæmd fræðslu og annarra viðburða. Þegar ástæða þótti til var vinnu við greiningu gagna einnig fylgt eftir með upplýsingafundum, símtölum, smáskilaboðum og tölvupóstum.

2.1 Samskipti við verkefnisstjóra og viðtöl

Regluleg samskipti voru við verkefnisstjóra til að fylgjast með stöðu mála og veita ráðgjöf og stuðning. Framkvæmdaaðili ytra matsins hitti verkefnisstjóra á fjórum einkafundum og átti auk þess regluleg og mikil samskipti við hann í gegnum fjarfundabúnað¹, skilaboðaforrit² og í tölvupósti.³ Þannig var hægt að veita ráðgjöf, fylgjast með og leggja mat á framgang verkefnisins, til dæmis að skoða hvort nálgun væri í samræmi við markmið verkefnisins og ákvarðanir og framkvæmd í samræmi við tilgang þess. Framkvæmdaaðili hitti einnig teymisstýru og sálfræðing á nokkrum samráðs- og upplýsingafundum.

Tekin voru þrjú hálfstöðluð viðtöl við verkefnisstjóra, teymisstýru Sigurhæða og sálfræðing Sigurhæða. Markmiðið var að ná fram þeirra sýn á innleiðingu og þróun verkefnisins, árangur, hindranir og framtíðarsýn.

2.2 Kannanir

Tvær kannanir voru liður í gagnasöfnun rannsóknarinnar.

Rafræn *Könnun á viðhorfi verkefnisstjórnar Sigurhæða til reynslu og árangurs af samstarfinu* var send út með tölvupósti á tímabilinu 21. mars – 4. apríl 2022. Í úrtaki voru allir sem setið höfðu að minnsta kosti einn fund verkefnisstjórnar eða alls 21 einstaklingur, 8 úr hópi Soroptimista/Sigurhæða og 13 frá samstarfsaðilum. Rúmlega helmingur svaraði könnuninni og svör bárust bæði frá fulltrúum Soroptimista/Sigurhæða og allra samstarfsaðila nema einum. Svarhlutfallið var töluvert hærra meðal fulltrúa Soroptimista/Sigurhæða en samstarfsaðila (sjá Viðauka 2).

Símakönnunin *Viðhorf notenda til veittrar þjónustu hjá Sigurhæðum* var hringd út á tímabilinu 19. apríl – 4. maí 2022. Í þýði voru allar konur sem þegið hafa að minnsta kosti forviðtal hjá Sigurhæðum á tímabilinu 21. mars 2021-30. mars 2022, samtals 101 kona. Í úrtaki voru þær 74 konur (72%) sem gáfu leyfi til að hringt yrði í þær og þeim boðin þátttaka eftir að upplýst samþykkis hafði verið aflað.⁴ Hringt var í allar á listanum og talið fullreynt þegar þrisvar hafði verið reynt. Þrettán konur afþökkuðu þátttöku eða svöruðu ekki. Alls fékkst 61 svar og svarhlutfall í úrtaki því 82% (sjá Viðauka 1).

Gerður var samanburður á bakgrunnsupplýsingum hópsins sem svaraði könnuninni og þjónustuþegahóps Sigurhæða. Hafa ber í huga að hóparnir eru svo litlir að hver einstaklingur vigtar 1% hjá Sigurhæðum og 2% í könnuninni. Það þarf því lítið til að breyta hlutföllum töluvert. Þjónustuþegar koma úr 13 af 15 samstarfssveitarfélögum Sigurhæða og öll 13 áttu fulltrúa í könnuninni. Munur upp á meira en 5% kom fram þegar búseta var skoðuð og var hlutfall svarenda frá Árborg 13 prósentustigum lægra en í þjónustuþegahópnum og átta prósentustigum hærra frá Hveragerðisbæ. Hlutfall svarenda úr

¹ 43 myndsamtl, samtals 15,5 klst.

² 52 stuttir spjallþræðir.

³ 184 tölvupóstar af ýmsum toga.

⁴ Þýði er hugtak í tölfræði yfir mengi allra einstaklinga í ákveðnum hóp. Þegar hluti af þýðinu er tekinn fyrir kallast það úrtak.

Yngsta aldursflokknum (18-30 ára) var átta prósentustigum lægra en í þjónustuþegahópnum og sjö prósentustigum hærra í þeim elsta (61-80 ára). Í hópi þjónustuþega eru um 90% af íslensku þjóðerni og um 10% af erlendu og hlutfallið sambærilegt í hópi svarenda. Þótt samræmið sé ekki fullkomið þá endurspeglar þátttakendahópurinn þýðið nokkuð vel þegar á heildina er litið. Engar vísbendingar eru um að einhver einn hópur, t.d. þjónustuþegar með neikvætt viðhorf til Sigurhæða, hafi valið sig frá þátttöku í könnuninni en ekki er hægt að útiloka það.

2.3 Niðurstöður innra eftirlits

Niðurstöður innra eftirlits eru meðal gagna rannsóknarinnar. Þar á meðal er ein áfangaskýrsla og töluleg gögn um þjónustuþegahópinn og nýtingu þjónustu sem er í boði. Einnig eru niðurstöður fjögurra viðhorfskannana meðal gagna rannsóknarinnar en þær tengjast innra eftirliti með fræðsluviðburðum og sjálfbodaliðastarfi. Auk þess fengu matsaðilar aðgang að ópersónugreinanlegum gögnum frá sálfræðingi Sigurhæða sem veitir EMDR meðferð en það er gagnreynd áfallameðferð sem aðstoðar skjólstæðinga við að vinna úr afleiðingum áfalla og erfiðrar lífsreynslu.⁵

2.4 Önnur gögn

Útgefnir bæklingar, heimasíða Sigurhæða og fésbókarsíða Sigurhæða eru einnig meðal gagna rannsóknarinnar. Eini samstarfaðili Sigurhæða sem veitir meðferð er Gedheilsuteymi HSU og talið líklegt að þau væru í aðstöðu til að greina árangur af meðferðarstarfinu. Óskað var eftir stuttri yfirlýsingu um reynslu þeirra af þjónustu Sigurhæða og sendi teymisstjóri Gedheilsuteymis HSU umbeðna yfirlýsingu.

2.5 Matsaðilar

Undirbúningur fyrir ytri úttekt á Sigurhæðaverkefninu hófst í október 2021 en þá var verkefnið enn á hugmyndastigi og ekki ljóst hvort það kæmist í framkvæmd. Þá var haft samband við Háskóla Íslands og samið um tvískiptan samning. Ástæðan er að ekki þótti rétt að skuldbinda eiganda að fullu fyrir en ljóst væri að verkefnið kæmist í framkvæmd. Fyrri hlutinn snýr því að ráðgjöf á undirbúningsstigi og sá síðari að ráðgjöf á fyrsta starfsári Sigurhæða og ytra mati á verkefninu í heild.

Matsteymið er tveggja manna. Dr. Þorgerður J. Einarsdóttir, prófessor við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands er ábyrgðarmaður ytra matsins en Kristín A. Hjálmarsdóttir sér um framkvæmdina. Rannsóknir Þorgerðar spanna vítt svið innan kynjafræðinnar, einkum á stöðu kynjanna og kynjatengslum í efnahagslegu, félagslegu og pólitísku samhengi. Kristín er með MA í kynjafræði frá Háskóla Íslands og hefur unnið sem sjálfstætt starfandi jafnréttisráðgjafi og fræðimaður frá árinu 2013. Verkefni hennar hafa flest tengst jafnréttismálum með einum eða öðrum hætti. Kristín sá meðal annars um framkvæmd úttektarinnar *Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis. Frá tilraun til framtíðarverkefnis* fyrir RIKK og ytra eftirlit með verkefni Jafnréttisstofu, *Byggjum brýr – brjótum múra*, sem styrkt var af sjóði Evrópu-sambandsins.

⁵ Sjá t.d. <https://www.emdr.is/um-emdr>

3. Upphafleg lýsing á Sigurhæðaverkefninu

Sigurhæðaverkefnið er frumkvöðlaverkefni og á fyrsta starfsárinu hefur talsvert þróunarstarf verið unnið. Til að gefa sem besta innsýn í þróunina miðar lýsing á verkefninu við fyrstu samþykktu verkefnislýsingu Sigurhæða dags. 24. nóvember 2020. Hún var endurskoðuð í mars 2021 þegar gerðar voru breytingar á skipan og verkefnum verkefnisstjórnar. Um þær breytingar er fjallað í kafla 5.4.

3.1 Sigurhæðir

Sigurhæðir eru framlag Soroptimistaklúbbs Suðurlands til vinnu gegn kynbundnu ofbeldi í nærsamfélagi sínu. Það felst í því að stofna og reka nýtt úrræði fyrir þolendur kynbundins ofbeldis, konur 18 ára og eldri, sem búsettar eru á Suðurlandi. Verkefnið hefur sérstöðu á landsvísu því auk ráðgjafar og stuðnings, er boðið upp á bæði hópmeðferð og einstaklingsmiðaða áfallameðferð (EMDR) hjá sérfræðingum sem starfa hjá Sigurhæðum. Lagt er upp með að öll þjónusta sé skjólstæðingum að kostnaðarlausu.

Sigurhæðir voru opnaðar við hátíðlega athöfn þann 20. mars 2021 og fengu þær inni í húsnæði í eigu Árborgar, hjá Stróki virknimiðstöð á Selfossi. Þar fengu þær aðgengi að húsnæðinu þegar engin starfsemi var í húsinu eða á föstudögum og eftir klukkan 16 aðra virka daga.

3.2 Markmið

Almenn markmið verkefnisins eru:

- Að bjóða konum sem orðið hafa fyrir kynbundnu ofbeldi öruggan vettvang og aðstoð fagfólks í nærumhverfinu til að vinna úr áföllum sem eiga rætur í ofbeldinu, hvort sem það er kynferðislegt, andlegt, líkamlegt eða tilfinningalegt.
- Að efla samstarf milli aðila sem veita þolendum kynbundins ofbeldis þjónustu.
- Að auka vitund og þekkingu á kynbundnu ofbeldi.

Sértæk markmið verkefnisins eru:

- Að skapa markhópnum nýjan vettvang í nærsamfélagi sínu til að vinna úr áföllum og auka lífsgæði sín, heilbrigði og samfélagsþátttöku og þannig bæta stöðu sína.
- Að auka aðgengi markhópsins að lögfræðilegri ráðgjöf og aðstoð lögreglu.
- Að auka samvinnu aðila sem vinna með málaflokkinn á Suðurlandi.
- Að samstarfaðilar Sigurhæða nýti úrræðið fyrir þá þolendur sem til þeirra leita eftir þjónustu og ætla má að geti haft gagn af úrræðinu.
- Að auka vitund og þekkingu á umfangi og eðli kynbundins ofbeldis á Suðurlandi meðal samstarfsaðila.
- Að auka vitund og þekkingu á umfangi og eðli kynbundins ofbeldis meðal almennings á Suðurlandi.

3.3 Stjórnskipulag

Soroptimistaklúbbur Suðurlands er skilgreindur sem frjáls félagasamtök. Klúbburinn er eigandi Sigurhæðaverkefnisins og ber einn alla fjárhagslega ábyrgð á því. Verkefnisstjórn ber ábyrgð á stefnumörkun Sigurhæða, ráðningu helstu verktaka í verkefninu og samþykkir meiriháttar ákvarðanir vegna fjárhagslegra skuldbindinga auk framkvæmdaáætlunar, fræðsluáætlunar og ársskýrslu. Verkefnisstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri Sigurhæða og teymisstýra stýrir faglegu starfi.

3.4 Fjármögnun verkefnisins

Lagt er upp með að Sigurhæðir verði fjármagnaðar með styrkjum frá opinberum aðilum, einkaaðilum, frjálsum félagasamtökum og einstaklingum sem Soroptimistaklúbbur Suðurlands aflar. Gert er ráð fyrir að styrkirnir verði einkum í formi fjármagns og aðgangs að húsnæði auk ólaunaðs vinnuframlags. Þegar vinna við undirbúning verkefnisins hófst höfðu engin loforð verið gefin um fjármögnun.

3.5 Samtarfslíkan og framlag samstarfsaðila

Samstarfslíkan Sigurhæða gerir ráð fyrir samstarfi Soroptimistaklúbbs Suðurlands við sveitarfélög á Suðurlandi (félagsþjónustur þeirra), Lögregluna á Suðurlandi, Heilbrigðisstofnun Suðurlands/Geðheilsuteymi HSu, Kvennaráðgjöfina, Markþjálfafélag Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Stígamót, Kvennaathvarfið, Drekaslóð og Bjarkarhlíð. Ekki er nákvæmlega tiltekið hvaða sveitarfélög um er að ræða en samkvæmt upplýsingum frá verkefnisstjóra taldi hún í upphafi ólíklegt að Sveitarfélagið Hornafjörður og Vestmanneyjabær myndu ganga til liðs við verkefnið vegna landfræðilegra hindrana. Einnig er gert ráð fyrir að Virk endurhæfingarsjóður muni nýta úrræðið fyrir skjólstaðinga sína.

Framlag Soroptimista felst fyrst og fremst í sjálfbodaliðastarfi félagskvenna í Soroptimistaklúbbsi Suðurlands í tengslum við fjáröflun, stjórnun, rekstur, innleiðingu, viðburði og annað utanumhald um verkefnið auk þess að manna móttökuvaktir í Sigurhæðum. Fulltrúar frá félagsþjónustu sveitarfélaganna á Suðurlandi, Lögreglunnar á Suðurlandi, Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Kvennaráðgjafarinnar eiga sæti í verkefnisstjórn. Einnig er gert ráð fyrir framlagi samstarfsaðila í formi ráðgjafar, endurgjafar, fræðslu og stuðnings við verkefnið, starfsemi Sigurhæða og skjólstaðinga úrræðisins.

3.6 Verkefnisstjóri

Verkefnisstjóri er valinn af Soroptimistaklúbbsi Suðurlands og starfar sem sjálfbodaliði. Hann er talsmaður verkefnisins og boðar og stýrir fundum verkefnisstjórnar. Hann ber ábyrgð á innleiðingu verkefnisins og daglegum rekstri Sigurhæða, gerir samninga við verktaka og samþykkir alla reikninga vegna verkefnisins í umboði stjórnar. Jafnframt er hann ábyrgðaraðili fræðsluáætlunar og sjálfbodaliðastarfs félaga í Soroptimistaklúbbsi Suðurlands og er tengiliður við ytri matsaðila verkefnisins.

3.7 Verkefnisstjórn

Verkefnisstjórn er skipuð fulltrúum Soroptimista og samstarfsaðila Sigurhæða og er vettvangur samráðs og nauðsynlegrar upplýsingamiðlunar þeirra á milli. Stjórnina skipa níu einstaklingar og í henni eiga sæti fulltrúar sunnlenskra sveitarfélaga (3), Lögreglunnar á Suðurlandi (1), Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og Geðheilsuteymis HSu (1), Kvennaráðgjafarinnar (1) auk verkefnisstjóra (1) og annarra fulltrúa Soroptimistaklúbbs Suðurlands (2). Verkefnisstjórnin ber ábyrgð á stefnumörkun Sigurhæða, ræður helstu verktaka fyrir verkefnið og samþykkir meiriháttar ákvarðanir vegna fjárhagslegra skuldbindinga auk framkvæmdaáætlunar, fræðsluáætlunar og ársskýrslu.

3.8 Starfsfólk

Gert er ráð fyrir því að hjá Sigurhæðum starfi tveir meðferðaraðilar í verktöku; teymisstýra og sálfræðingur. Teymisstýra hefur umsjón með faglegu starfi Sigurhæða, tekur for- og stuðningsviðtöl við skjólstaðinga og stýrir hópstarfi. Sálfræðingur Sigurhæða sinnir sérhæfðum viðtölum og veitir EMDR áfalla meðferð.

Annað starfsfólk Sigurhæða eru sjálfboðaliðar úr Soroptimistaklúbbi Suðurlands. Bakhópur verkefnisstjóra aðstoðar verkefnisstjóra við hvaðeina sem viðkemur undirbúningi verkefnisins. Systur úr klúbbum sinna einnig móttöku og símsvörun hjá Sigurhæðum, taka þátt í hópnaðmskeiðum undir leiðsögn teymisstýru og sinna öðrum tilfallandi verkefnum, m.a. vegna skipulagðra viðburða.

3.9 Ferli og þjónusta

Allar konur 18 ára og eldri sem búsettar eru á Suðurlandi geta leitað til Sigurhæða og þurfa ekki tilvísun. Verklagsreglur fyrir móttöku þjónustupega eru ekki hluti af verkefnislýsingu. Þær voru þróaðar á undirbúningstímanum og settar fram í formi myndræns flæðirit. Samkvæmt því er almenna reglan sú að þjónustupegar bóka tíma í forviðtal sem teymisstýra tekur. Í því viðtali er staðan metin, bakgrunnsupplýsinga aflað og þjónustuþörfin greind. Eftir það taka við ráðgjafar- og stuðningsviðtöl og síðan er þátttakendum boðin þátttaka í hópastarfi og/eða EMDR meðferð. Samhliða er boðið upp á lögfræðilega ráðgjöf, viðtal við lögreglu og réttindafræðslu með túlkaþjónustu. Auk þessa er gert ráð fyrir að hægt sé að vísa skjólstaðingum til félagsráðgjafa hjá félagsþjónustu sveitarfélaga og Gedheilsuteymis HSU.

3.10 Fræðsla og aðrir viðburðir

Verkefnislýsing gerir ráð fyrir fimm tegundum viðburða á undirbúningstíma verkefnisins og fyrsta heila starfsári Sigurhæða:

- Fræðsla 1: Þátttakendur í hópastarfi, eftir þörfum.
- Fræðsla 2: Sjálfboðaliðar sem sinna móttöku og símsvörun hjá Sigurhæðum og aðstoða á hópnaðmskeiðum. Eitt námskeið fyrir opnun og svo eftir þörfum.
- Fræðsla 3: Fræðslu- og samráðsfundur fyrir samstarfsaðila einu sinni á fyrsta starfsárinu.
- Fræðsla 4: Fræðsla fyrir almenning og/eða afmarkaða markhópa fjórum sinnum á fyrsta starfsárinu.
- Málþing: Málþing fyrir fagfólk og aðra áhugasama um reynsluna af rekstri Sigurhæða á fyrsta heila starfsárinu.

3.11 Innra eftirlit

Verkefnisstjóri ber ábyrgð á innra eftirliti og heldur verkefnisstjórn upplýstri með reglulegri upplýsingagjöf og árlegri skýrslu. Eftirlitið er tvíþætt:

Eftirlit með markmiðum

- Fjöldi undirritaðra samstarfssamninga.
- Viðhorfskönnun meðal samstarfsaðila undir lok fyrsta starfsárs.
- Töluleg gögn um þjónustupegaþópinn.
- Mánaðarleg greining á tölulegum gögnum um sókn í þjónustu.
- Töluleg gögn um fjölda og tegund viðburða, þátttöku í þeim og viðhorf þátttakenda.
- Ársfjórðungsskýrslur um niðurstöður innra mats.

Mat á árangri af meðferð

- Eftirfylgniviðtöl teymisstýru, tekin t.d. mánuði eftir að skjólstaðingar hafa lokið meðferð.
- Matsskýrsla ábyrgðaraðila EMDR meðferðar um árangur af meðferð í lok fyrsta starfsárs.

3.12 Verkpættir og tímalína

Ár	2020				2021												2022					
	9	10	11	12	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	1	2	3	4	5	
Mánuður																						
Verkpáttur 1 - Undirbúningur, stjórnun, starfsfólk og eftirlit																						
Verkefnastjóri skipaður og starfandi																						
Samstarfsamningar gerðir																						
Verkefnastjórn, skipun og fundir																						
Starfsfólk Sigurhæða																						
Ytra eftirlit		1				2																
Innra eftirlit																						
Áfanga- og lokaskýrslur																						
Verkpáttur 2 - Þjónusta við skjólstæðinga																						
Fagfólk og sjálfbóðaliðar koma til starfa																						
Forviðtöl																						
Hópastarf																						
EMDR-meðferð																						
Þjónusta samstarfaðila																						
Verkpáttur 3: Fræðsla og aðrir viðburðir																						
Fræðsla 1-4																						
Málþing																						

4. Tölulegar niðurstöður

Þekking á þjónustuþegahópnum, nýtingu þjónustu og umfangi ofbeldis, birtingarmyndum þess og afleiðingum gerir vinnu gegn ofbeldi markvissari. Greining tölulegra gagna frá Sigurhæðum er því liður í úttektinni. Slík gögn hafa fjölþætt notagildi fyrir Sigurhæðir, meðal annars til að gera betri kostnaðaráætlanir, greina stöðu og þjónustuþörf skjólstæðinganna, þróun starfseminnar og árangur af þjónustunni fyrir stefnumótunarvinnu til lengri og skemmri tíma. Töluleg gögn nýtast einnig til að auka skilning styrktaraðila og annarra hagsmunaaðila á mikilvægi úrræðisins og skuldbindingu við verkefnið.

Sigurhæðir safna fjölbreyttum tölulegum upplýsingum í fyrsta viðtali við þjónustuþega. Auk persónu- og bakgrunnsupplýsinga er spurt um leiðina inn til Sigurhæða, ofbeldið og afleiðingar þess, fyrri þjónustu og margt fleira. Öll gögn um skjólstæðinga eru vistuð undir númeri en ekki nafni og kóðunarlykill geymdur sér. Einnig er vel haldið utan um gögn tengd nýtingu á þjónustunni. Reynslan af gagnasöfnun vegna þessarar skýrslu dró fram mikilvægi þess að skipuleggja vel hvernig unnið er úr þessum upplýsingum og þær settar fram og gerðar aðgengilegar. Í þessum kafla er stiklað á stóru til að gefa mynd af þjónustuþegahópnum og nýtingu þjónustunnar. Einnig eru niðurstöður settar í samhengi þar sem mögulegt er.

4.1 Leiðin til Sigurhæða


Allar konur 18 ára og eldri sem búsettar eru á Suðurlandi geta leitað til Sigurhæða án tilvísunar. Til að byrja með voru Sigurhæðir opnar á mánudagskvöldum, á fimmtudögum eftir klukkan 15 og alla föstudaga. Eftir að Sigurhæðir fluttu í Þórsmyrk 7 í nóvember 2021 hefur verið opið á dagvinnutíma alla þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga og yfirleitt bókað í alla lausa tíma hjá fagaðilum.

Skjólstæðingar hafa frétt af Sigurhæðum eftir ýmsum leiðum. Mynd 1 sýnir hlutfall þjónustuþega eftir því hvernig þeir fréttu fyrst af Sigurhæðum.⁶ Eins og þar kemur fram er langalgengast að konurnar fréttu af úrræðinu í gegnum félagsþjónustu sveitarfélaga en það gerðu fjórar af hverjum 10 konum. Tæplega fjórðungur fréttu af Sigurhæðum í gegnum vin, kunningja eða fjölskyldumeðlim og tæplega fimmtungur í gegnum heilbrigðiskerfið. Einnig eru dæmi um að konurnar hafi fundið upplýsingarnar sjálfar eða frétt af úrræðinu eftir öðrum leiðum, t.d. í gegnum opinbera umfjöllun, frá lögreglunni, Virk/Birtu eða vinnustað. Það vekur athygli hversu hátt hlutfall hefur frétt af úrræðinu í gegnum félagsþjónustu sveitarfélaga og heilbrigðiskerfið en það gerðu samanlagt rúmlega sex af hverjum 10 konum. Hlutfallið er í báðum tilvikum mun hærra en í Bjarkarhlíð árið 2021 þar sem 14% þjónustuþega fréttu af úrræðinu í gegnum velferðar- eða félagsmálasvið og barnavernd og 5% í gegnum heilbrigðiskerfið.⁷ Hlutfall þeirra sem fréttu af Sigurhæðum í gegnum lögreglu er 2% sem er heldur lægra en hjá Bjarkarhlíð árið 2021 þar sem það var þá 4%.⁸ Meðal hugsanlegra skýringa er að verklag sé mismunandi milli lögregluembætta, til dæmis í heimilisofbeldismálum. Hverjar sem skýringarnar eru væri alla veganna heppilegt að rýna niðurstöðurnar í samstarfi við lögregluna. Tölurnar benda því til þess að samstarfaðilar nýti Sigurhæðir sem úrræði fyrir sína skjólstæðinga, ekki síst félagsþjónustur sveitarfélaga á Suðurlandi og Geðheilsuteymi HSu.

⁶ Heildarfjöldi þjónustuþega er 101 og því hlutfallið = fjöldi.

⁷ „Ársskýrsla 2021“, Bjarkarhlíð 2022.

⁸ Sama heimild.



Mynd 1. Leiðin til Sigurhæða.

4.2 Aðsókn og þróun hennar

Hægt er að bóka viðtal með því að mæta á staðinn, hringja, hafa samband með tölvupósti eða í gegnum heimasíðu eða Fésbókarsíðu Sigurhæða. Tæplega helmingur hefur valið tölvupóst, rúmlega fjórðungur heimasíðubókun og tæplega fimmtungur hringt.


Fyrstu áætlanir gerðu ráð fyrir 64 þjónustuþegum á fyrsta starfsári Sigurhæða. Frá opnun þann 20. mars 2021 til loka mars 2022 mætti 101 kona í forviðtal hjá Sigurhæðum. Aðsókn er því mun meiri en gert var ráð fyrir í upphafi. Til að setja þetta í samhengi þá bjuggu 15.105 fullorðnar konur á aldrinum 18-80 ára, á Suðurlandi þann 1. janúar 2021.⁹ Þetta eru því um 0,7% kvenna á þessum aldri sem búsettar eru á Suðurlandi. Bjarmahlíð á Akureyri er þjónustumiðstöð sem starfar á sama sviði og er svæðisbundið eins og Sigurhæðir. Hlutfall kvenna sem búsettar voru á Norðurlandi eystra og vestra árið 2021¹⁰ og leitaði til Bjarmahlíðar á Akureyri það árið¹¹ er sambærilegt.

Að undanteknum opnunarmánuðnum og að teknu tilliti til þess að lokað var í júlí vegna sumarleyfa þá bættust að meðaltali 8,6 nýir skjólstaðingar við í hverjum mánuði fyrsta starfsár Sigurhæða. Mynd 2 sýnir fjölda forviðtala eftir mánuðum. Eins og þar kemur fram hefur aðsókn verið misjöfn eftir mánuðum en tilhneigingin er sú að aðsókn fer vaxandi. Fjöldi forviðtala í opnunarmánuði vekur óneitanlega athygli en þau eru sex á tíu dögum. Óhætt er því að segja að starfsemi Sigurhæða hafi farið af stað af fullum þunga – eða komið niður hlaupandi eins og einhver orðaði það.

⁹ Hagstofa Íslands. Mannfjöldi eftir kyni, sveitarfélagi og ríkisfangi 1. janúar 1998-2021.

¹⁰ Hagstofa Íslands. Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2022 - Sveitarfélagaskipan 1. janúar 2022

¹¹ „Ársskýrsla 2020“. Bjarmahlíð, 2021.



Mynd 2. Fjöldi forviðtala í Sigurhæðum á fyrsta heila starfsárinu, eftir mánuðum.

4.3 Nýting bókaðra tíma

Á fyrsta starfsári Sigurhæða var bókað í samtals 513 viðtöl og mætt í 409 þeirra. Heildarnýting hefur því verið 80%. Mynd 3 sýnir heildarfjölda bókaðra forviðtala, stuðningsviðtala og EMDR meðferðartíma, mætingu í bókaða tíma og hlutfallslega nýtingu þeirra. Eins og þar kemur fram er talsvert um að ekki sé mætt í bókaða tíma og á það við um allar tegundir þjónustu. Nýtingarhlutfallið er á bilinu 72%-82%. Gögn um mætingu í hóptíma eru ekki aðgengileg en að sögn teymisstýru er einnig talsvert um að ekki sé mætt í alla tíma. Hluti bókaðra tíma er afbókaður með mjög stuttum fyrirvara eða einfaldlega ekki mætt. Það er því ekki alltaf hægt að bjóða öðrum að nýta þá. Skjólstæðingar sem geta mætt með stuttum fyrirvara og eru á biðlista vegna langs biðtíma milli viðtala, hafa þó getað nýtt sér hluta þessara lausu tíma. Óæskilega lágt nýtingarhlutfall er þekkt vandamál hjá öðrum sem þjónusta þolendur ofbeldis. Sem dæmi þá var nýting bókaðra tíma hjá Bjarkarhlíð enn minni árið 2018 eða í kringum 60%.¹² Skýringa hefur einkum verið leitað í því að skjólstæðingarnir tilheyra viðkvæmum hópi, oft mikið í gangi í lífi þeirra og lítið sem þarf út af að bera til að daglegt líf raskist. Reynslan sýnir einnig að nokkuð er um að konur sem ekki mæta í bókuð forviðtöl panti aftur tíma seinna og mæti í þá. Það má túlka sem vísbendingu um að það geti verið erfitt að stíga fyrsta skrefið í að leita sér aðstoðar. Leitað hefur verið leiða til að bæta mætingu en lítið miðað. Nýtt bókunarkerfi, Noona, var tekið í notkun í janúar 2022 en það sendir út áminningu um alla bókaðan tíma. Vísbendingar eru um að það hafi skilað einhverjum árangri. Teymisstýra og sálfræðingur Sigurhæða telja mjög mikilvægt að leita allra leiða til að bæta mætingu þar sem slitrótt mæting í meðferð getur að þeirra mati dregið úr líkum á árangri. Til dæmis hefur það komið til tals að halda ekki lausu plássi ef mæting fer undir eitthvað tiltekið viðmið. Í því samhengi er vert að benda á að við úthringingu á könnun á viðhorfi þjónustuþega nefndu nokkrar kvennanna óbeðnar að þær hefðu ekki alltaf mætt í bókaðan tíma, þótti það miður og voru mjög þakklátar fyrir þann skilning og þolinmæði sem þær hafa mætt hjá meðferðaraðilum. Einnig má benda á

¹² „Bjarkarhlíð miðstöð fyrir þolendur ofbeldis. Frá tilraun til framtíðarverkefnis“. Kristín A. Hjálmarsdóttir og Elín Björg Jóhannsdóttir, 2020.

að það er reynsla teymisstýru af hópastarfi að þótt mæting sé slæm sé það ekki alltaf til marks um að engin vinna sé í gangi hjá konunum. Hennar reynsla er að það sé stundum nóg að þær viti að þær eigi laust pláss, að það sé einhver þarna til að grípa þær ef þær þurfa á því að halda. Það er einnig hennar reynsla að mætingin batni oft í hópastarfinu þegar konurnar finna að það er gott að koma og þá verða þær líka duglegri við að láta vita af forföllum.



Mynd 3. Bókuð viðtöl hjá Sigurhæðum á fyrsta heila starfsárinu, mæting í þau og nýting.


4.4 Bakgrunnur þjónustuþega

Í verkefnislýsingu segir að í markhópi Sigurhæða séu allar fullorðnar konur sem búsettar eru á Suðurlandi. Við úttektina var gengið út frá því að skilgreiningin á konum væri í samræmi við Lög um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019. Það var því ekki kannað sérstaklega hvort einhver hópur sem getur á lagalegum grundvelli gert tilkall til þjónustunnar hafi verið útilokaður. Það er því rétt og skylt að undirstrika mikilvægi þess að starfið og skipulag þess taki mið af lögunum um kynrænt sjálfræði.

Konurnar sem leitað hafa til Sigurhæða eru á aldrinum 18-80 ára. Mynd 4 sýnir hlutfall eftir aldursflokkum hjá Sigurhæðum og til samanburðar meðal kvenna á Suðurlandi í sömu aldursflokkum. Eins og sjá má eru konur á aldrinum 31-40 ára langstærsti hópurinn og næstalgengast að þjónustuþegar séu á aldrinum 18-30 ára. Alls er tæplega 2/3 hluti kvennanna á aldersbilinu 18-40 ára. Til að setja þetta í enn betra samhengi þá var aldursskiptingin hjá Bjarkarhlíð árið 2021 sambærileg í þessum tveimur aldursflokkum. Ef litið er til Stígamóta þá var samkvæmt ársskýrslu ársins 2020 hlutfallið 75% eða 54% í yngsta aldursflokknum og 21% í þeim næsta.¹³ Þau samtök virðast því hafa náð sérstaklega vel til yngri þolenda. Hlutfallið hjá Sigurhæðum er lægst í elsta aldurshópnum eða 6% og mun lægra en á Suðurlandi en sambærilegt við hlutfallið hjá bæði Stígamótum og Bjarkarhlíð.¹⁴ Engu að síður má túlka gögnin sem vísendingu um að leita þurfi leiða til að ná betur til kvenna í elsta aldurshópnum.

¹³ „Ársskýrsla 2020“. Stígamót, 2021.

¹⁴ „Ársskýrsla 2020“. Stígamót, 2021; „Ársskýrsla 2021“, Bjarkarhlíð 2022.



Mynd 4. Hlutfall þjónustuþega hjá Sigurhæðum á fyrsta heila starfsárinu eftir aldri og til samanburðar hlutfallið meðal kvenna á Suðurlandi.

Um 90% hópsins er af íslensku þjóðerni og 10% af erlendu. Til samanburðar voru samkvæmt gögnum frá Hagstofu Íslands frá 2021 um 87% kvenna á Suðurlandi með íslenskt ríkisfang og 13% með erlent.¹⁵ Hlutfallið hjá Sigurhæðum er þó hærra en það hefur verið hjá Bjarkarhlíð¹⁶ og Stígamótum¹⁷ þar sem það hefur verið í kringum 8%. Engu að síður má túlka göngin sem vísbendingu um að leita þurfi leiða til að ná betur til kvenna af erlendum uppruna.

Konurnar koma úr 13 af 15 sveitarfélögum á Suðurlandi. Mynd 5 sýnir hlutfallið hjá Sigurhæðum eftir búsetu og til samanburðar hlutfall kvenna í sömu sveitarfélögum 1. janúar 2022.^{18 19} Eins og þar kemur fram er aðsóknin nokkuð misjöfn eftir búsetu og hlutfallslega mest í Árborg þar sem hlutfallið var 58% hjá Sigurhæðum en 33% í sveitarfélaginu og næstmest í Hveragerði þar sem hlutfallið hjá Sigurhæðum var 16% en 9% í sveitarfélaginu. Engar skýringar komu fram við gagnaöflun en hugsanlega eru þær lýðfræðilegar. Eins og fram kemur hér að neðan er óvenjuhátt hlutfall þjónustuþega hjá Sigurhæðum öryrkjar eða á endurhæfingarlífeyri. Sá hópur gæti fremur en aðrir hafa valið sér búsetu í stærri byggðakjörnum. Starfssvæði Sigurhæða er stórt og landfræðilegar hindranir því líklega til staðar og það gæti skýrt litla aðsókn frá sumum sveitarfélögum. Það virðist þó ekki vera eina skýringin því þau tvö sveitarfélög sem enginn þjónustuþegi kemur úr eru í nágrenni Selfoss. Svo eru Sigurhæðir ekki búnar að starfa lengi og kannski þarf bara að styrkja tengslanetin. Hver svo sem ástæðan er væri gott að leita skýringa. Niðurstöður slíkrar greiningarvinnu getur nýst við stefnumótunarvinnu.

¹⁵ Hagstofa Íslands, Mannfjöldi eftir kyni, sveitarfélagi og ríkisfangi 1. janúar 1998-2021.


¹⁶ „Ársskýrsla 2021“, Bjarkarhlíð 2022.

¹⁷ „Ársskýrsla 2020“, Stígamót, 2021.

¹⁸ Hagstofa Íslands, Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2022 - Sveitarfélagaskipan 1. janúar 2022.

¹⁹ Rétt er að hafa í huga að hlutfallslegum samanburði eins og þessum þarf að taka með fyrirvara þar sem þjónustuþegahópurinn telur einungis 101 konu. Hver einstaklingur vegur því nálægt heilu prósentu í útreikningum fyrir Sigurhæðir. Slíkur samanburður gefur þó vísbendingar um það hvernig sókn í þjónustu getur þróast til framtíðar.

Hlutfall þjónustupega hjá Sigurhæða eftir sveitarfélögum og til samanburðar á Suðurlandi



Mynd 5. Hlutfall þjónustupega hjá Sigurhæðum fyrsta heila starfsárið eftir búsetu og til samanburðar hlutfall kvenna í sömu sveitarfélögum.

Staða skjólstaðinga á vinnumarkaði er misjöfn. Um 40% hópsins eru öryrkjar eða á endurhæfingarlífeyri, 38% í fullu starfi eða í hlutastarfi og 12% atvinnulaus en aðrir eru t.d. ellilífeyrisþegar, í fæðingarorlofi eða annað. Til að setja þetta í samhengi þá voru 23% þjónustupega hjá Bjarkarhlíð árið 2021 öryrkjar eða á endurhæfingarlífeyri.²⁰ Hlutfall öryrkja og kvenna á endurhæfingarlífeyri er því 17 prósentustigum hærra hjá Sigurhæðum en Bjarkarhlíð. Það má túlka sem vísbendingu um óvenju hátt hlutfall þungra mála hjá Sigurhæðum og er það í samræmi við reynslu fagaðila. Engar skýringar komu fram við gagnaöflun en hugsanlegt er að þeirra sé að leita í því að auk ráðgjafar og stuðnings bjóða Sigurhæðir upp á meðferð en Bjarkarhlíð ekki.

Tæplega fjórar af hverjum 10 konum í þjónustupegahópnum segjast ekki eiga við neina tegund fötlunar eða sjúkdóms að etja en sex af hverjum tíu eina eða fleiri tegund fötlunar eða sjúkdóma. Algengast er að það sé andlegur eða líkamlegur sjúkdómur en einnig dæmi um einhvers konar fíknivanda og skerðingar.

Sjö af hverjum 10 konum sem svöruðu viðhorfskönnun þjónustupega Sigurhæða sagðist hafa leitað þangað vegna eldra ofbeldismáls eða mála. Sama hlutfall sagðist í forviðtali hafi upplifað önnur áföll tengd ofbeldi en það sem var meginástæðan fyrir komu þeirra. Konur leita því gjarnan til Sigurhæða til að vinna úr gömlum áföllum og þau geta verið fleiri en eitt. Það rímar við reynsluna hjá öðrum úrræðum sem starfa með þolendum ofbeldis, til dæmis hjá Stúgamótum²¹ og Bjarkarhlíð.²²

4.5 Tegundir ofbeldis og afleiðingar

Ofbeldi getur verið af ýmsum toga, þar á meðal heimilisofbeldi og kynferðislegt, andlegt, líkamlegt, fjárhagsleg og stafrænt ofbeldi. Eins og Mynd 6 sýnir er andlegt ofbeldi algengasta birtingarmyndin hjá

²⁰ „Ársskýrsla 2021“, Bjarkarhlíð, 2022.

²¹ „Ársskýrsla 2020“, Stúgamót, 2021.

²² „Ársskýrsla 2021“, Bjarkarhlíð, 2022.

skjólstæðingum Sigurhæða en 8-9 af hverjum 10 konum hafa upplifað það. Sú næstalgengasta er líkamlegt ofbeldi en það hafa rúmlega fjórar af hverjum 10 konum upplifað. Alvarleiki ofbeldisins endurspeglast meðal annars í því að af þeim rétt rúmlega 100 konum sem leitað hafa til Sigurhæða hafa sjö fengið morðhótun og 11 verið teknar kyrkingartaki. Dæmi eru einnig um beint og óbeint ofbeldi gegn börnum, fjárhagslegt og stafrænt ofbeldi og eltihrellingar. Samanlagt hlutfall er hærra en 100% vegna þess að þjónustuvegar hafa flestir upplifað fleiri en eina tegund ofbeldis. Gögnin sýna að meðaltalið er 2-3 tegundir ofbeldis. Samanburður við gögn frá Bjarkarhlíð sýnir að birtingarmyndir eru þær sömu og hlutfallið sambærilegt.²³




Mynd 6. Tegundir ofbeldis og hlutfall þjónustuvega Sigurhæða sem hefur upplifað þær.

Afleiðingar ofbeldis geta verið bæði andlegar og líkamlegar og mynd 7 sýnir hverjar þær eru og hversu hátt hlutfall þjónustuvega hefur upplifað hverja þeirra. Að meðaltali hefur hver kona upplifað 4-5 ólíkar afleiðingar og þess vegna er samanlagt hlutfall langt yfir 100%. Mikill meirihluti skjólstæðinga Sigurhæða, eða 8-9 af hverjum 10 konum, hafa upplifað kvíða, 7-8 streitu og 6-7 þunglyndi. Um helmingur nefnir auk þess áfallastreitu, sjálfskaðandi hegðun og svefnleysi og nokkrar fíknivanda. Alvarleiki málanna endurspeglast kannski ekki síst í því að 5-6 af hverjum 10 konum sem leitað hafa til Sigurhæða hafa á einhverjum tímapunkti upplifað sjálfsvígshugsanir í tengslum við ofbeldið. Samanburður við gögn frá Bjarkarhlíð sýnir að birtingarmyndir eru þær sömu og hlutfallið sambærilegt.²⁴ Hjá Sigurhæðum er spurt almennt um afleiðingar ofbeldis en ekki sérstaklega um afleiðingar þess ofbeldis sem var meginástæða komunnar eins og yfirleitt er gert. Ástæðan er sú að erfitt hefur reynst að aðgreina þar á milli því ofbeldissaga kvennanna er oft með svo samofin ofbeldisatvik eða sambönd. Það tókst því ekki að finna algerlega samanburðarhæf gögn.

²³ „Ársskýrsla 2021“, Bjarkarhlíð, 2022.

²⁴ Sama heimild.

Afleiðingar ofbeldis og hlutfall þjónustuþega Sigurhæða sem hefur upplifað þær eftir tegundum



Mynd 7. Afleiðingar ofbeldis og hlutfall þjónustuþega Sigurhæða sem hefur upplifað þær eftir tegundum.


4.6 Nýting þjónustu og þróun hennar

Þjónustan hefur þróast á nokkuð annan veg en lagt var upp með enda rennt nokkuð blint í sjóinn með mat á aðsókn og þjónustuþörf í upphafi. Það er í samræmi við reynslu af stofnun og þróun evrópskra þjónustumiðstöðva (Family Justice Centers eða FJC) sem sýnir að eftir að miðstöðvar opna og þjónustuþegahópurinn stækkar og breikkar, kemur oft í ljós að þörf er fyrir aðra og meiri þjónustu en upphaflega var gert ráð fyrir.²⁵

Fagfólk Sigurhæða hefur frá upphafi fengið töluvert frelsi til að þróa og skipuleggja þjónustuna og framboð á henni þannig að hún taki mið af þörfum þeirra sem til Sigurhæða leita og hvernig takmörkuðum björgum eins og fjármagni og tíma verður best varið. Það er í samræmi við áherslur FJC móðelsins en í því er mikil áhersla lögð á mikilvægi þróunarstarfs og að hafa fókusinn á þörfum þolenda við alla ákvarðanatöku.²⁶ Mynd 8 er flæðirit sem sýnir ferlið innan Sigurhæða eins og það er í lok fyrsta starfsársins.


²⁵ Stark & Gwinn, Dream Big, Start Small, kafli 4.

²⁶ Sama rit; Franck o.fl., One Safe Place.



Mynd 8. Flæðirit af þjónustuferli Sigurhæða.

Hjá Sigurhæðum er boðið upp á forviðtal, stuðningsviðtöl, hópastarf og EMDR meðferð. Mynd 9 sýnir fjölda bókaðra tíma, mætingu í þá og hlutfallslega nýtingu bókaðra tíma. Heildarnýting bókaðra tíma er að meðaltali 80%. Allar konur fá forviðtal en gögnin sýna einnig að hver kona hefur að meðaltali nýtt sér 1-2 tegundir þjónustu til viðbótar. Nánar er fjallað um nýtingu og hverja tegund þjónustu í undirköflum.



Mynd 9. Fjöldi þjónustupega hjá Sigurhæðum á fyrsta heila starfsárinu, eftir tegund þjónustu.

4.6.1 Stuðningsviðtöl

Upphaflega var gert ráð fyrir að helmingur skjólstæðinga fengi þrjú stuðningsviðtöl hver eða samtals 96. Á þessu fyrsta starfsári hafa þau verið 226 eða að meðaltali tvö á hverja konu. Helsta skýringin á fjölda stuðningsviðtala er því sú að rúmlega 6 af hverjum 10 konum hafa hingað til eingöngu nýtt sér stuðningsviðtöl. Í þessum hópi eru bæði konur sem ekki hafa óskað eftir annarri þjónustu og konur sem bíða eftir að komast í meiri þjónustu. Biðlisti hefur verið til staðar frá upphafi árs 2022 og á honum eru einkum skjólstæðingar sem þurfa að bíða lengi eftir næsta viðtali. Þegar biðlisti fór að lengjast var það mat meðferðaraðila að þörf væri á aðgerðum til að viðhalda áhuga kvennanna á þjónustu á biðtímanum og stuðningsviðtöl voru nýtt til þess og um leið til að undirbúa konurnar undir meðferðina. Reynslan hefur einnig sýnt að stundum kemur eitthvað upp á hjá konunum og þá þarf að grípa þær og veita þeim auka stuðning. Þátttakendur í hópastarfi nýta sér lítið stuðningsviðtöl, hver kona kannski eitt á hverju 10 vikna tímabili sem hver lota stendur yfir. Stuðningsviðtöl hafa því verið nýtt með öðrum hætti en upphaflega var gert ráð fyrir og fjöldinn verið mun meiri.

4.6.2 Hópastarf

Í verklýsingu var gert ráð fyrir 64 skjólstæðingum á hópnaðmskeiði, meðferðarlotu 1 og að helmingur þeirra haldi áfram og taki þátt í meðferðarlotu 2. Fljótlega eftir að starfsemi hófst var meðferðarlotu 3, bætt við. Mynd 10 sýnir fjölda þátttakenda í hópastarfinu fyrsta heila starfsárið. Hingað til hafa samtals 23 konur tekið þátt í lotu 1. Allar nema ein héldu áfram í lotu 2. Sex konur hafa ekki enn lokið lotu 2 og 12 eru komnar í lotu 3. Það bendir því allt til þess að langflestar konur sem taka þátt í hópastarfi velji að fara í gegnum allar þrjár meðferðarloturnar sem eru í boði. Sókn í hópastarf og þátttaka í því hefur því þróast með talsvert öðrum hætti en lagt var upp með.

Fjöldi þátttakenda í hópastarfi Sigurhæða, meðferðarlotu 1, 2 og 3 frá opnun til loka mars 2022

Hópastarf, meðferðarlotu 1	23	Hópastarf, meðferðarlotu 3	12
Þar af lokið þátttöku	22	Þar af lokið þátttöku	0
Þar af enn í hópastarfi	0	Þar af enn í hópastarfi	12
Brottfall	1	Brottfall	0
Hópastarf, meðferðarlotu 2	20	Biðlisti	25
Þar af lokið þátttöku	13		
Þar af enn í hópastarfi	6		
Brottfall	1		

Mynd 10. Fjöldi þátttakenda í hópastarfi Sigurhæða, meðferðarlotu 1, 2 og 3 á fyrsta starfsári.

Reynslan af meðferðarlotu 3 er að þá séu hóparnir orðnir því sem næst sjálfbærir. Í því þróunarstarfi sem nú er í gangi er verið að skoða kosti þess og galla að breyta skilgreiningu á þeim úr hópastarfi yfir í efturfylgni. Hugmyndin er að þátttakendur í lotu 3 fái aðgang að húsnæði Sigurhæða til að hittast án meðferðaraðila, það yrði bara opið hús, en með aðgengi að meðferðaraðila ef þörf er á. Ef þessar

áætlanir ganga eftir verður sennilega hægt að koma fleiri hópum að án þess að augin viðvera og kostnaður sem því fylgir komi til.

4.6.3 EMDR meðferð

Byrjað var að bjóða upp á EMDR meðferðina þann 14 maí 2021. Það er nokkuð frávik frá upphaflegri áætlun sem gerði ráð fyrir boðið yrði upp á EMDR meðferðina frá opnunardegi. Frávikin á sér eðlilegar skýringar því forvinna, eins og forviðtöl, stuðningsviðtöl og vinna við meðferðaráætlun, tekur tíma. Í upphafi var gert ráð fyrir að þrír af hverjum fjórum skjólstæðingum, eða 48 konur, fengju EMDR viðtal í alls fimm skipti. Að sögn sálfræðings Sigurhæða sýndi reynslan fljótlega að þessi áætlun var ekki raunhæf. Skýringa er einkum að leita í því að ásókn í EMDR meðferð er enn sem komið er minni en áætlanir gerðu ráð fyrir en einnig er mjög hátt hlutfall skjólstæðinga með langa og flókna áfallasögu, málin þung og meðferðartími lengri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Reynslan sýnir að það er frekar regla en undantekning að skjólstæðingar Sigurhæða í EMDR meðferð þurfi 8-12 viðtöl til að ná settu markmiði og ljúka meðferðinni. Eins og mynd 11 sýnir hafa 15 konur hafið EMDR meðferð eða 15% allra skjólstæðinga. Af þeim hafa fjórar lokið meðferð með góðum árangri, sex eru í virkri meðferð, gera þurfti hlé á meðferð hjá einni og fjórar hættu í meðferðinni af ýmsum ástæðum, þar af ein vegna þess að hún flutti burt af starfssvæðinu.

Fjöldi þjónustupega í EMDR meðferð og staða þeirra í lok fyrsta heila starfsárs Sigurhæða

EMDR meðferð hafin	15
þar af meðferð lokið	4
þar af í virkri meðferð	6
þar af í bið*	1
þar af brottfall	4
<hr/>	
Biðlisti	4

*Tímabundin lengri fjarvera

Mynd 11. Fjöldi þjónustupega í EMDR meðferð á fyrsta heila starfsári Sigurhæða.

Upphaflega gerði meðferðaraðili EMDR ráð fyrir að taka viðtöl á tveggja vikna fresti. Hún stytta þó fljótlega tímamill milli viðtala og taldi það heppilegri nálgun fyrir þær konur sem til hennar leituðu. Að fenginni reynslu og að öllu óbreyttu má því gera ráð fyrir að hægt sé að veita um 20-24 konum EMDR meðferð á hverju starfsári. Undir lok fyrsta starfsárs er þróunarvinna að ljúka. Stefnt er að því að undirbúa skjólstæðingana fyrir meðferðina í hópum áður en boðið er upp á einstaklingsviðtöl. Markmiðið er bæði að draga úr líkum á brottfalli og fækka viðtals tímum á hvern einstakling. Gangi áætlanir eftir er gert ráð fyrir að hægt verði að fjölga einstaklingum í EMDR meðferð á ári, bæta mætingu og nýta betur bæði fjármagn til meðferðarstarfsins og tíma meðferðaraðila.

4.6.4 Þjónusta samstarfsaðila

Í verkefnislýsingu er ekki að finna neinar tölur um áætlaðan fjölda viðtala í Sigurhæðum við fulltrúa samstarfsaðila. Ekkert varð af samstarfi við Markþjálfafélag Íslands eins og áætlað var en lögreglan hefur veitt sjö viðtöl, Kvennaráðgjöfin sjö og Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur þrisvar veitt túlkabjónustu.

Við úthringingu á *Könnun á viðhorfi til þjónustu Sigurhæða* óskuðu nokkrir þátttakendur eftir þjónustu eins og samstarfsaðilar veita í Sigurhæðum og vissu ekki að hún væri í boði. Að sögn teymisstýru er skjólstæðingum bent á þessa þjónustu í móttökuviðtali en er meðvituð um að það þarf að minna reglulega á að þessi þjónusta er í boði enda margt að melta í þessu fyrsta viðtali. Hún segir einnig að vísbendingar séu um að viðtölin hafi meðferðarlegt gildi og því mikilvægt að fagaðilar Sigurhæða bjóði skjólstæðingum sínum upp á þessa þjónustu í meðferðarferlinu.

4.7 Árangur meðferðar

Sigurhæðir hafa einungis starfað í eitt ár og fáar konur lokið meðferð. Á þessum tímamarki er því einungis hægt að leggja mat á árangur til skamms tíma.

Mynd 12 sýnir svör þátttakenda í könnun á viðhorfi til þjónustu Sigurhæða. Eins og þar kemur fram eru 80% kvennanna mjög sammála eða sammála því að ferlið hjá Sigurhæðum hafi verið valdeflandi fyrir þær, aukið sjálfstraust þeirra og haft jákvæð áhrif á líkamlega og/eða andlega heilsu þeirra. Um 64% eru einnig mjög sammála eða sammála því að ferlið hafi haft jákvæð áhrif á fjölskyldulíf sitt, einkalíf, starf og/eða nám og styrkt tengsl þeirra við annað fólk. Hluti af svarendahópnum er nýbyrjaður í sínu ferli hjá Sigurhæðum og hefur því einungis reynslu af forviðtali og stundum stuðningsviðtali. Áhersla var samt lögð á að fá þessa þátttakendur til að fara í gegnum þessar fullyrðingar því alltaf er hægt að velja valkostinn „Veit ekki/Vil ekki svara“. Það vakti athygli spyrils að þrátt fyrir efasemdir í upphafi þá svaraði þessi hópur mörgum fullyrðinganna án þess að hika. Lýsandi dæmi um viðbrögð voru: „Veistu, já ég finn bara alveg mun. Ég er bara mjög sammála“. Niðurstöðurnar benda því til þess að það sé ávinningur af ferlinu hjá Sigurhæðum, jafnvel allt frá fyrsta viðtali. Fleiri dæmi styðja þá ályktun til dæmis þessi orð eins þátttakanda sem sagði „Ég gekk bara út [úr forviðtalinu] svífandi á skýi, mér var svo létt. Mér fannst ég bara hafa skilið eftir fullan bakpoka þarna inni.“ Við þemagreiningu á opnum svörum um annan ávinning af ferlinu komu fram eftirfarandi þemu: Minni meðvirkni og aukinn sjálfsskilningur, aukin geta til að takast á við afleiðingar ofbeldis, aukinn skilningur á birtingarmyndum ofbeldis og afleiðingum þess, aukinn styrkur til að koma sér út úr ofbeldissambandi, aukin geta til að opna á, koma orðum að og tala um ofbeldið og aukin félagsleg tengsl með hópastarfi.

Ávinningur af ferlinu hjá Sigurhæðum

Ferlið hefur styrkt tengsl mín við annað fólk



Ferlið hefur haft jákvæð áhrif á fjölskyldulíf mitt/einkalíf/starf/nám



Ferlið hefur haft jákvæð áhrif á líkamlega og/eða andlega heilsu mína



Ferlið hefur aukið sjálfstraust mitt



Ferlið hefur verið valdeflandi fyrir mig



■ Mjög sammála/Sammála ■ Hvorki sammála né ósammála ■ Ósammála/mjög ósammála ■ Veit ekki

Mynd 12. Svör þátttakenda í könnun á viðhorfi þjónustuþega Sigurhæða við fullyrðingum um ávinning af ferlinu hjá Sigurhæðum.

Töluleg gagnasöfnun um árangur hópastarfs sérstaklega hefur ekki verið skipulögð en verið er að skoða heppilegar leiðir til þess. Að mati teymisstýru, sem ber ábyrgð á hópastarfinu, hefur árangur verið góður. Sú staðreynd að nær allir þátttakendur sem ljúka hópastarfi, meðferðarlotu 1, halda áfram í lotu 2 og 3 og niðurstöður könnunar á viðhorfi þjónustuþega styðja við það mat. Þó að ekki væri spurt um viðhorf til einstakra meðferðarúrreða í könnun á viðhorfi þjónustuþega þá nefndu margar kvennanna óbeðnar ánægju sína með hópastarfið. Eitt af því sem teymisstýru finnst standa upp úr hjá Sigurhæðum og telur að skipti miklu máli er að þegar konurnar koma þar inn, að þá upplifa þær ekki að það sé eitthvað að þeim heldur að það hafi eitthvað komið fyrir þær. Lögð er mikil áhersla á að ná til kvennanna, byggja upp traustið og að þær upplifi sig öruggar og finnist gott að koma í Sigurhæðir. Hún segist finna að konum létti mikið þegar þeim er sagt að hjá Sigurhæðum sé farið rólega af stað, ekkert verið að vinna úr áföllunum strax heldur lögð áhersla á að staðsetja konurnar, hvernig þeim líður og byggja þær upp þannig að þær geti tekist á við sjálfar sig frá degi til dags. Þegar þær eru tilbúnar og vilja fara að vinna í áföllunum þá er það í boði líka. Hennar reynsla er að með þessari nálgun sé auðveldara fyrir þær að skuldbinda sig gagnvart vinnunni sem þær eiga fyrir höndum. Það er einnig hennar reynsla að þetta sé oft ólíkt upplifun kvennanna af annarri þjónustu sem þær hafa fengið vegna ofbeldis eða afleiðinga þess. Niðurstöður viðhorfskönnunar styðja þá ályktun.

Sálfræðingur Sigurhæða hefur tekið saman töluleg gögn um árangur af EMDR meðferðinni. Við upphaf og lok meðferðar er gerð svokölluð PCL-5 lista mæling. Það er sjálfsmatskvarði þar sem listuð eru upp 20 vandamál sem fólk upplifir stundum eftir mjög streituvaldandi reynslu. Einstaklingarnir velja tölu frá 0 upp í 4 þar sem 0 merkir að vandamálið hafi ekki valdið neinni truflun og 4 að það hafi truflað mjög mikið. Stigin eru talin saman og 38 stig eða fleiri gefi til kynna sterkar vísbendingar um áfallastreituröskun sem þyrfti þá að staðfesta með greiningarviðtali. EMDR hópurninn er fámennur og enn færri konur hafa lokið meðferð. Það þarf því sérstaklega að huga að persónuverndarsjónarmiðum við framsetningu gagna. Það sem hægt er að upplýsa um við lok fyrsta heila starfsársins er að konur sem hefja meðferð hafa skorað á bilinu 28-72 stig á PCL-5 listanum, þar af einungis tvær undir 38 stigum. Meðaltal og miðgildi er því sem næst það sama eða um 50 stig. Það þýðir að jafnmargar konur eða 7

skoruðu hærra en 50 stig og 7 lægra. Niðurstöðurnar gefa því skýrar vísbendingar um að staða þessara kvenna er oftast alvarleg. Almenn er markmiðið í meðferðarferlinu að ná skjólstæðingum undir 38 stig en þá er talið óhætt að sleppa af þeim hendinni. Fjórar konur hafa lokið meðferð með góðum árangri. Þemagreining á skriflegu sjálfsmati kvenna sem eru í meðferð eða hafa lokið henni bendir til árangurs sem birtist í þessum þemum: Meiri vellíðan, aukið öryggi og betri lífsgæði, betri tengsl við börn og heilbrigðari mörk í samskiptum, meira sjálfstraust og tilfinningastjórn, minni streita, kvíði og ótti og einnig léttir og vissa um að ástandið taki enda.

Geðheilsuteymi HSu hefur nýtt Sigurhæðir sem úrræði fyrir sína skjólstæðinga og skilgreint meðferðina þar sem hluta af meðferðaráætlun sinni. Leitað var til teymisstjóra Geðheilsuteymis HSu og óskað eftir upplýsingum um þeirra reynslu af þjónustu Sigurhæða. Hún segir reynsluna góða og að hennar mati fari þar fram mjög faglegt starf sem þau treysta og vísa skjólstæðingum sínum í. Að hennar mati eru margar vísbendingar um að úrræðið sé að skila árangri og konur að ná bata. Það kemur meðal annars fram í því að konurnar eru að eflast í að setja mörk og átta sig á og vinna í meðvirkni.²⁷

Á þessum tímamarki er ekkert hægt að fullyrða um langtímaárangur af meðferðarstarfi Sigurhæða. Niðurstöðurnar benda þó sterklega til þess að það hafi þegar skilað talsverðum ávinningi fyrir þjónustuþega til skamms tíma að minnsta kosti og jafnvel allt frá fyrsta viðtali.

4.8 Viðhorf þjónustuþega

Könnun á viðhorfi þjónustuþega var einn liður í gagnaöflun fyrir ytra matið. Fjallað er um könnunina í heild í Viðauka 1.

Niðurstöðurnar sýna að meirihluti þátttakenda eða 2/3 hluti þeirra sagði að það hefði haft áhrif á ákvörðun sína um að leita til Sigurhæða að þjónustan þar var þeim að kostnaðarlausu, tæplega þriðjungur sagði að það hefði ekki haft áhrif og tveir voru ekki vissir.

Almenn ánægja er með þjónustu Sigurhæða þegar á heildina er litið. Konurnar eru allar ánægðar með hana og mikill meirihluti eða 92% mjög ánægður. Það sem þær eru helst ánægðar með er viðmótið, andann í húsinu og öryggistilfinninguna sem þær upplifa þar, meðferðaraðila, fagmennsku þeirra og einstaklingsmiðaða nálgun í meðferðinni og svo með hópinn og hópastarfið. Fáar eru óánægðar með eitthvað en nokkrar nefndu skort á lausnum þegar meðferðarmöguleikar í boði henta ekki, of langan tíma á milli viðtala og þann ókost sem fylgja þjónustu í litlum byggðarlögum, að allir þekkja alla.

Konurnar sögðust nær undantekningalaust geta mælt með þjónustu Sigurhæða en ein treysti sér ekki til að svara því hún var nýbyrjuð. Margar kvennanna bættu því við að þær mæltu 100%, 200% eða 1000% með þjónustunni eða „alla daga“, „alltaf“ eða sögðu að það væru þær alltaf að gera.

Konunum bauðst að koma ábendingum til stjórnenda Sigurhæða. Allar sem það þáðu komu með jákvæðar ábendingar. Sterkustu þemun eru þakklæti og ósk um að Sigurhæðir hætti ekki.

4.9 Fræðsla, aðrir viðburðir og kynningarstarf

Fræðsluáætlun fyrsta starfsárs Sigurhæða komst ekki í framkvæmd að öllu leyti. Helsta skýringin er að hætta þurfti við margna almenna viðburði vegna covid takmarkana. Aðgengi að tölulegum gögnum er ekki gott því ekki hefur verið haldið utan um tölfræðileg gögn tengd fræðslu og viðburðum með skipulögðum hætti. Æskilegt er að bæta úr því.

²⁷ Svanhildur Ólafsdóttir, teymisstjóri Geðheilsuteymis HSu, tölvupóstur 13. apríl 2022.

Ráðgert var að hafa fræðslu í hópastarfi eftir þörfum. Hugmyndin var meðal annars að fá inn áhugasaverða fyrirlesara og kanna viðhorf og árangur eftir hverja fræðslu. Fallið var frá þessari hugmynd og miðað við ánægju með hópastarfið og þá nálgun sem tekin er í því virðist það ekki hafa komið að sök.

Áætlanir um fræðslu fyrir sjálfbodaliða sem sinna móttöku og símsvörun hjá Sigurhæðum gengu eftir. Eitt námskeið var haldið áður en opnað var og tvö önnur á fyrsta starfsárinu fyrir aðrar og nýjar félagskonur áhugasamar um þátttöku í sjálfbodaliðastarfi klúbbsins. Af gögnum um uppbyggingu námskeiðanna, fyrirlestra og fyrirlesara er hægt að staðfesta fagleg gæði námskeiðanna. Könnun á viðhorfi þátttakenda í fyrsta námskeiðinu voru liður í innra mati og bárust 12 svör. Mikill meirihluti eða 3/4 hópsins sagði að námskeiðið stæði mjög vel undir væntingum og 1/3 vel. Meirihlutinn eða 2/3 hlutar þátttakenda mátu gæði námskeiðsins mjög mikil og þriðjungur mikil. Einnig telur 2/3 hópsins að fræðslan og þjálfunin á námskeiðinu muni nýtast mjög vel í starfi þeirra sem sjálfbodaliðar hjá Sigurhæðum og 1/3 hluti vel. Niðurstöður innra eftirlits *Mat á reynslu og upplifun af sjálfbodaliðastarfinu* sýna að rúmlega fjórir af hverjum 10 sjálfbodaliðum telja að sú fræðsla og þjálfun sem þeir hafa fengið hafi nýst þeim mjög vel í störfum sínum og fimm af hverjum 10 frekar vel.

Einn fræðslu- og samráðsfundur fyrir samstarfsaðila var haldinn á fyrsta starfsárinu og er það í samræmi við áætlanir. Hann var hluti af fræðsludegi Sigurhæða í september 2021. Umfjöllunarefnið var ofbeldi frá sjónarhorni minnihlutahópa en þátttaka samstarfsaðila var mjög lítil. Töluleg gögn um þátttöku eru ekki aðgengileg en einungis þrír fulltrúar frá samstarfsaðilum eða öðrum svöruðu könnun á viðhorfi til fræðsluviðburðarins. Ljóst er að ekki tókst að ná til markhópsins en ekki er vitað hvort skýringa er að leita í litlum áhuga á umfjöllunarefninu eða öðrum þáttum. Í könnun á viðhorfi verkefnisstjórnar kom fram ósk um að boðið sé upp á þátttöku í gegnum fjarfundabúnað. Landfræðilegar hindranir eða takmarkaður tími til að sækja slíka fundi gæti því skýrt þátttökuleysið. Æskilegt er að leita skýringa og kanna áhuga á fræðslu meðal samstarfsaðila með markvissum hætti. Í því samhengi má benda á að vísbendingar komu fram um að æskilegt væri að auka þekkingu á hlutverkum og þjónustu (og kannski líka verkferlum) allra stofnana samstarfsaðila.

Áætlanir gerðu ráð fyrir að boðið yrði upp á fræðslu fyrir almenning og/eða afmarkaða markhópa fjórum sinnum á fyrsta starfsárinu. Að sögn verkefnisstjóra var stefnt að því að halda opna fræðslu og kynningarfundum í öllum stærri byggðakjörnum á Suðurlandi. Einn slíkur var haldinn í Árborg en þátttaka var mjög dræm. Fundurinn var vel auglýstur og ekki ljóst hvað skýrir lítinn áhuga. Ákveðið hefur verið að fara í samstarf við Stígamót og heimsækja með þeim alla framhaldskóla á Suðurlandi með fræðsluna *Sjúk ást* ásamt því að kynna Sigurhæðir. Búið er að fara í einn af fjórum skólum en árangur hefur ekki verið rýndur. Ein leið til að greina árangur af þessum heimsóknnum er að bæta valkostinum „Fræðslan *Sjúk ást*“ við valkosti þegar spurt er um leiðina inn í Sigurhæðir.

Málþing fyrir fagfólk og aðra áhugasama um reynsluna af rekstri Sigurhæða fyrsta starfsárið er á dagskrá þann 19. maí 2022 og því í samræmi við áætlanir. Upplýsingar um þátttöku og viðhorf liggja ekki enn fyrir.

Nokkrum verkefnum hefur verið komið í framkvæmd sem ekki eru tilgreind í verkefnislýsingu. Flest þeirra tengjast fræðslu- og kynningarstarfi.

Sigurhæðir eru með heimasíðu þar sem hægt er að nálgast helstu upplýsingar um úrræðið, samstarfsaðila og þjónustu í boði.²⁸ Þar á meðal er kynningarband um þjónustuna²⁹ sem er að finna neðst á síðunni „Um Sigurhæðir“. Auk þess er hægt að bóka tíma á heimasíðunni. Síðan bera þess ýmis merki að

²⁸ [SIGURHÆDIR \(sigurhaedir.is\)](https://sigurhaedir.is)

²⁹ [About — SIGURHÆDIR \(sigurhaedir.is\)](https://sigurhaedir.is)

bæði uppfærslu- og þróunarvinna sitji á hakanum. Vitund er um að þarna sé verk að vinna en tímaskortur, þekkingarleysi á heimasíðugerð og kostnaður hafa reynst hindrun. Sigurhæðir eru einnig með fésbókarsíðu³⁰ þar sem finna má helstu fréttir af úrræðinu og hægt er að hafa samband í gegnum skilaboðaforrit eða tölvupóst. Bæði fréttir og auglýsingar eru settar þar inn öðru hvoru en ekki með reglulegu millibili.

Sigurhæðir hafa látið hanna fyrir sig og prenta upplýsingabæklinga sem dreift hefur verið til samstarfsaðila og annarra stofnana á starfssvæðinu. Bæklingarnir voru nýlega uppfærðir og endurprentaðir. Í þeim eru helstu upplýsingar um Sigurhæðir, þjónustu í boði og samstarfsaðila og eru á íslensku, ensku og pólsku en Pólverjar eru fjölmennasti hópur íbúa á Suðurlandi með erlent ríkisfang. Lítið hefur reynt á upplýsingagildi bæklinganna því þeir voru til dæmis fjarlægðir úr öllum biðstofum vegna covid smitvarna.

Talsvert hefur verið um heimsóknir í Sigurhæðir en ekki hefur verið haldið utan um þær með skipulögðum hætti. Meðal þeirra sem sótt hafa Sigurhæðir heim til að kynna sér starfsemina eru margir samstarfsaðilar, systur úr öðrum soroptimistaklúbbum á landinu, starfsfólk frá Bjarkarhlíð, Ásmundur Einar Daðason, þáverandi félagsmálaráðherra og sérfræðingar úr ráðuneyti hans, frambjóðendur Samfylkingar og þingmenn úr þeirra röðum, frambjóðendur Framsóknar í sveitarstjórnarkosningum auk nokkurra kvenfélaga og annarra áhugasamra hópa.

³⁰ [Sigurhæðir | Facebook](#)

5. Aðrar niðurstöður

Liður í ytra mati er að staðfesta að verkefnið hafi verið innleitt í samræmi við verkefnislýsingu og greina styðjandi þætti, hindranir og áskoranir í innleiðingarferlinu.

5.1 Undirbúningur og innleiðing

Aðgengilegum gögnum var safnað, eins og verkefnislýsingu, minnisblöðum verkefnisstjóra, fundargerðum verkefnisstjórnar og upptöku af einum fundi hennar, könnun meðal þátttakenda í verkefnisstjórn, gögnum sem safnað var í beinum samskiptum við verkefnisstjóra og starfsfólk Sigurhæða og fleiru. Út frá þessum gögnum er hægt að staðfesta að verkefnið hafi verið vel undirbúið, innleiðingarferlið vel skipulagt og framkvæmt. Þegar á heildina er litið var innleiðingarferli Sigurhæðaverkefnisins í samræmi við verklýsingu og tímaáætlanir. Einhver frávík eru frá verkefnislýsingu en þau höfðu ekki áhrif á innleiðingarferlið í heild sinni. Um þau og skýringar á þeim er fjallað í viðeigandi köflum hér að neðan.

5.2 Fjármögnun

Upphafleg kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir kostnaði upp á rúmlega 21 milljón vegna undirbúnings og starfsemi Sigurhæða fyrsta árið. Vel tókst til við fjármögnun verkefnisins árið 2021 og ljóst af gögnum rannsóknarinnar að mikil og markviss vinna liggur að baki þeim árangri. Í flestum tilvikum var um staka styrki að ræða og engin loforð gefin um fjárveitingu til framtíðar.

Verkefnisstjóri hefur þróað og kynnt fjármögnunarmódel til framtíðar sem gerir ráð fyrir að helmingur rekstrarkostnaðar komi frá ríkinu, þriðjungur frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og einstökum sveitarfélögum á Suðurlandi og að Soroptimistaklúbburinn afli styrkja fyrir því sem út af stendur. Þegar þessi skýrsla er skrifuð hafa SASS og öll sveitarfélögin á Suðurlandi fallist á þetta módel fyrir sitt leyti en samtal er enn í gangi við ríkið. Það er því ekki búið að tryggja rekstur Sigurhæða til framtíðar og fjárhagslegar hindranir enn til staðar. Það viðhorf kemur fram í ýmsum gögnum rannsóknarinnar að fjármögnun sé ein af þeim hindrunum sem verkefnið gæti mætt þegar til framtíðar er litið. Bjartsýni ríkir þó um að hægt verði að komast fyrir þá hindrun.

Eins og fram hefur komið fengu Sigurhæðir upphaflega inni í húsnæði í eigu Árborgar. Þær höfðu aðgengi að því alla föstudaga og eftir að starfsemi lauk á öðrum virkum dögum. Ánægja var með framlagið og móttökurnar í húsinu en fljótlega eftir opnun Sigurhæða var ljóst að húsnæðið hentaði ekki starfsemiinni nógu vel og þörf var fyrir betri aðstöðu. Þegar ljóst var að fjárhagslegt svigrúm var til að greiða leigu var ákveðið að leita að hentugu leiguhúsnæði. Haustið 2021 fluttu Sigurhæðir í lítið einbýlishús í Þórsmörk 7 á Selfossi. Almenn ánægja er með nýja húsnæðið. Það þykir notalegt og henta starfsemiinni ágætlega eins og staðan er í dag. Við gagnaöflun kom fram það viðhorf að það mætti vera stærra, einkum til að auka svigrúm fyrir starfsemi í stærri hópum og jafnvel fyrir aðra tengda þjónustu. Upp hafa komið hugmyndir um að kaupa húsnæði en skiptar skoðanir eru á þörfinni. Í því samhengi má benda á að aðsókn á fyrsta starfsári veitir takmarkaðar upplýsingar um þróun til framtíðar, faglega starfið hjá Sigurhæðum er enn í þróun og eins og fram hefur komið hefur fjármögnun til framtíðar ekki verið tryggð. Það er því mikilvægt að skoða vel hvort og hvenær tímabært er að leggja í slíkt verkefni.

5.4 Stjórnun

Í verklýsingum Sigurhæða kemur ekki skýrt fram hvert hlutverk stjórnar Sorpotimistaklúbbsins er í verkefninu og úr því þyrfti að bæta. Um það ríkir þó sátt að hún beri, ásamt verkefnisstjórn, ábyrgð á stefnumörkun Sigurhæða og hafi endanlegt ákvörðunarvald vegna hennar og annarra stærri ákvarðana og fjárhagslegra skuldbindinga, auk þess að samþykkja framkvæmda- og fræðsluáætlun að fenginni umsögn verkefnisstjórnar. Stjórnin hefur tekið virkan þátt í undirbúningi og innleiðingu verkefnisins og fjallað

hefur verið um verkefnið og stöðu þess á flestum stjórnar- og félagsfundum klúbbsins á úttektar- tímabilinu. Í nóvember 2020 var níu manna verkefnisstjórn skipuð í samræmi við þágildandi verkefnislýsingu. Auk verkefnisstjóra og tveggja fulltrúa Soroptimista áttu í henni sæti vel staðsettir og áhugasamir fulltrúar samstarfsaðila. Í febrúar 2021 voru breytingar gerðar á kafla verklýsingar um skipan og hlutverki verkefnisstjórnar og ný verkefnislýsing samþykkt 1. mars 2021. Helstu skýringar eru að ástæða þótti til að skerpa á fjárhagslegri ábyrgð og bregðast við fjölgun samstarfsaðila og aðildarósk teymisstýru Sigurhæða. Að auki var þetta tilraun til að tengja betur við klúbbsfélaga með því að fjölga fulltrúum klúbbsins. Gögn úttektarinnar sýna að ákvarðanir varðandi verkefnisstjórn voru teknar að ígrunduðu máli og á faglegum forsendum. Fundargerðir verkefnisstjórnar sýna að enn fleiri hafa tekið virkan þátt í störfum stjórnarinnar. Meðal skýringa er að nýjum samstarfsaðilum hefur jafnóðum verið boðin þátttaka. Ákveðið hefur verið að gera ekki frekari breytingar á skipan verkefnisstjórnar fyrr en að loknu fyrsta starfsárinu þegar stefnumótun til framtíðar verður á dagskrá hjá Sigurhæðum.

Verkefnisstjórnin fundaði þrisvar á undirbúningstímanum og þrisvar á fyrsta heila starfsári Sigurhæða. Það er í samræmi við þá stefnu að hún fundi ársfjórðungslega eða eftir þörfum. Óhætt er að segja að innan hópsins er til staðar mikil og breið þekking á viðfangsefni verkefnisins, innviðum samstarfsstofnana og virkni þeirra. Fundargögn, fundargerðir, upptaka af verkefnisstjórnarfundi og niðurstöður könnunar á viðhorfi þátttakenda í verkefnisstjórn staðfesta að markmið hafa náðst og almenn ánægja er með samstarfið og innleiðingu verkefnisins, tíðni verkefnisstjórnarfunda, undirbúning þeirra og framkvæmd. Samstarfsaðilar hafa trú á því að úrræðið mæti þörfum þolenda, upplifa skuldbindingu við verkefnið og gera ráð fyrir að halda samstarfinu áfram. Þátttaka í verkefnisstjórn hefur einnig skilað aukinni þekkingu og skilningi á hlutverki og þjónustu samstarfsaðila og styrkt þverfaglegt tengslanet á Suðurlandi. Á því sviði virðist þó vera tækifæri til að gera enn betur. Þegar á heildina er lítið sýna gögnin því að vel hefur tekist til við skipun verkefnisstjórnar og hún gegnt sínu mikilvægasta hlutverki vel, að tryggja snurðulaust samstarf og tilvísanir milli aðila og verið vettvangur gagnvirkrar upplýsingamiðlunar og nýunga í samstarfi.

Hildur Jónsdóttir, jafnréttisráðgjafi, er verkefnisstjóri. Hún er systir úr Soroptimistaklúbbi Suðurlands eins og lagt var upp með. Hún hefur mikla reynslu af jafnréttisvinnu og innleiðingu jafnréttisverkefna bæði á sveitarstjórnarstigi og hjá ráðuneytum, er hugmyndasmiður verkefnisins, ötull talsmaður þess og hefur sinnt störfum sínum af kostgæfni og ósérhlífni. Matsferlið dró það fram að verkefnisstjórnin var vel að sér, vel undirbúinn og helgaði sig verkefninu af heilum hug. Lausnamiðuð nálgun við vandamál, sterkt tengslanet og einbeittur vilji til að koma verkefninu í framkvæmd eru án efa mikilvægir styðjandi þættir.

Starf verkefnisstjóra er skilgreint sem 50% starf. Á undirbúningstímanum og fyrsta starfsári Sigurhæða vann verkefnisstjóri það í sjálfböðavinnu. Ákveðið hefur verið að greiða fyrir þá vinnu í framtíðinni sem verktakavinnu. Aðspurð sagðist Hildur telja að starfshlutfallið væri öllu meira eða í kringum 70% en hún segist sátt og lítur á mismuninn sem sitt framlag til sjálfböðavinnu klúbbsystra.

5.3 Samstarf

Í verklýsingum Sigurhæða er ekki gerður greinarmunur á samstarfsaðilum en það kom síðar í ljós að eðlismunur er á samstarfinu. Formlegir samstarfsaðilar eru þeir sem undirritað hafa formlega samstarfsyfirlýsingu, hafa skilgreint Sigurhæðir sem úrræði fyrir skjólstaðinga sína og eiga fulltrúa í verkefnisstjórn. Aðrir samstarfsaðilar eru þeir sem Sigurhæðir geta vísað á, eru til dæmis í samstarfi við í fræðslumálum eða hægt er að leita til eftir stuðningi og ráðgjöf. Einn af þeim samstarfsaðilum er Birta starfsendurhæfing Suðurlands sem hefur einnig vísað skjólstaðingum á Sigurhæðir. Til framtíðar væri æskilegt að skerpa á þessum skilgreiningarmun. Áætlanir gerðu ráð fyrir að allir samstarfssamningar yrðu í höfn fyrir opnun Sigurhæða. Sú áætlun stóðst nokkurn veginn en fyrir opnun Sigurhæða í mars 2021 höfðu allir tilgreindir

samstarfsaðilar gengið til samstarfs nema Markþjálfafélag Íslands og Vestmanneyjabær. Að sögn verkefnisstjóra fengust aldrei nægilega afdráttarlaus svör við samstarfsumleitunum við Markþjálfafélagið og ástæður óljósar. Félagsþjónusta Vestmanneyjabæjar taldi í fyrstu ólíklegt að vilji væri til þess að sækja þjónustu á Selfoss. Haustið 2021 kom í ljós að þetta var ekki rétt mat. Síðar sama ár bættust ekki bara Vestmanneyjabær í hópinn heldur einnig embætti lögreglustjórans í Vestmannaeyjum og embætti sýslumanns í Vestmannaeyjum og á Suðurlandi. Að loknu fyrsta starfsári Sigurhæða eru því öll 15 sveitarfélögin á Suðurlandi, lögreglu- og sýslumannsembættin á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum, Heilbrigðisstofnun Suðurlands og nokkur frjáls félagasamtök sem starfa á þessu sviði í hópi formlegra samstarfsaðila. Einnig er óformlegt samstarf í gangi við Birtu Starfsendurhæfingu Suðurlands, í gegnum Virk starfsendurhæfingarsjóð. Þegar Markþjálfafélag Íslands er undanskilið hafa Sigurhæðir því náð upphaflegum markmiðum sínum um samstarfsaðila og gott betur. Eftir því sem næst verður komist er það einstakur árangur að ná svo breiðri svæðisbundinni samstöðu um þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis.

Gögn rannsóknarinnar benda til þess að meðal skýringa á miklum vilja til þátttöku og breiðri samstöðu sé að Sigurhæðaverkefnið þykir metnaðarfullt og vel undirbúið grasrótaverkefni og forystan traust en ekki síður sú nálgun sem tekin var við samstarfið. Staða málaflokksins á Suðurlandi var kortlögð snemma í ferlinu³¹ og tækifæri til aðgerða greind, verkefni valið, samband haft við eftirsóknarverða og áhugasama fagaðila, áhugi Árborgar, stærsta sveitarfélagsins á Suðurlandi, kannaður og að því loknu tekin ákvörðun um að stefna að stofnun Sigurhæða. Þá var byrjað að leita til samstarfsaðila og nálgunin sú að verið væri að bjóða eftirsóknarvert samfélagsverkefni sem allir græði á. Verkefnisstjóri og hugmyndasmiður verkefnisins orðar það svo:

„... þetta á ekki að vera þannig að við í Soroptimistaklúbbnum erum að gera eitthvað, látið okkur bara fá peninga heldur að við í Soroptimistaklúbbnum höfum tekið frumkvæði að því að búa til verkefni sem verður ykkar. Þannig að, þið náðið ykkar markmiðum með því að sameinast um þetta verkefni.“ (Hildur Jónsdóttir, verkefnisstjóri).

Hér er því verið að bjóða sveitarfélögunum og þjónustustofnunum þeirra verkfæri og þátttöku í vettvangi sem gerir þeim kleift að ná sínum markmiðum um að bjóða íbúum betri þjónustu. Það er því mikil dýnamík í verkefninu því allir hafa hlutverki að gegna og allir vinna ef vel tekst til.

Allir sem svöruðu könnun á viðhorfi verkefnisstjórnar hafa mikla trú á því að Sigurhæðir mæti þörfum þolenda kynbundins ofbeldis og telja miklar líkur á því að stofnun þeirra verði áfram samstarfsaðili. Líklegt má telja að það viðhorf hafi styrkt samstarfið. Teymisstýra segist mjög ánægð með að hafa fengið sæti í verkefnisstjórn, það hafi gefið henni mjög góða innsýn í þarfir samstarfsaðilanna sem hafi bæði verið hagnýtt og faglega áhugavert frá sínu sjónarhorni þar sem hún stýrir faglegu starfi hjá Sigurhæðum. Helstu hindranir í samstarfi og tilvísunum eru taldar vera landfræðilegar, eins og búseta fjarri Sigurhæðum, slæm veður og færð, og lagalegar, einkum takmarkanir á upplýsingaflæði milli samstarfsaðila vegna persónuverndarlaga.

5.5 Innra eftirlit

Eftirlit með markmiðum er í samræmi við áætlanir, þ.e. reglubundin greining á tölulegum gögnum um sókn í þjónustu og þjónustuþegahópinn. Verkefnisstjóri hefur haldið stjórn Soroptimistaklúbbs Suðurlands og klúbbsystrum, verkefnisstjórn og ytri matsaðila vel upplýstum um niðurstöður. Verkefnisstjóri skrifaði um 50 minnisblöð sem hún deildi með ytri matsaðila. Í þeim stiklar hún á stóru

³¹ *Umfang kynbundins ofbeldis á Suðurlandi. Staða þekkingar, Ívar Karl Bjarnason, 2021*

um samtöl í gangi, vandamál sem upp hafa komið, ákvarðanir sem teknar hafa verið, stöðu fjáröflunar sem hún ber hitann og þungann af og verkefna sem verið er að vinna. Auk þess lagði hún fram eina áfangaskýrslu í september 2021 en í verkefnislýsingu er talað um ársfjórðungsskýrslur. Auk umfjöllunar um verkefnið og stöðu þess er í henni að finna ýmsar tölulegar upplýsingar um þjónustuþegahópinn en engar t.d. um búsetusveitarfélag þjónustuþega, fjölda tilvísana til og frá samstarfsaðilum og nýtingu þjónustu samstarfsaðila í Sigurhæðum. Að hluta til hafa slíkar upplýsingar komið fram á verkefnisstjórnarfundum en gögn rannsóknarinnar benda til þess að samstarfsaðilar óski eftir góðu aðgengi að fjölbreyttari upplýsingum, ekki síst þeim sem tengjast einstökum sveitarfélögum. Lagt er til að söfnun, greining og framsetning gagna verði skipulögð þannig að hún taki mið af óskum og þörfum rekstaráðila, fagfólks og samstarfsaðila.

Í þeim tilvikum sem fræðsluviðburðir voru haldnir og þátttaka góð var viðhorf þátttakenda kannað. Það er í samræmi við áætlanir. Þar sem takmörkuð þekking er á hönnun og framkvæmd slíkra kannana hjá Sigurhæðum var í flestum tilvikum leitað ráðgjafar við hönnun þeirra. Hægt er að staðfesta að þær mældu allar það sem þeim var ætlað að mæla. Kannanir eru sendar út í Google Forms sem einnig býður upp á myndræna framsetningu á tölulegum gögnum. Af gögnum rannsóknarinnar má ráða að gögnin hafa verið rýnd og nýtt við þróun starfsins. Niðurstöður greiningar á gögnum hafa hins vegar ekki verið teknar saman með skipulögðum hætti og gerðar aðgengilegar. Einnig hefur farist fyrir að halda utan um þátttakendalista með skipulögðum hætti.

Til að leggja mat á árangur af meðferð var ráðgert að taka eftirfylgniviðtöl við skjólstæðinga að lokinni meðferð og að ábyrgðaraðili EMDR meðferðar skilaði matsskýrslu í lok fyrsta starfsárs. EMDR matsskýrslu hefur verið skilað en engin eftirfylgniviðtöl tekin. Það skýrist einkum af því að fáir skjólstæðingar hafa enn sem komið er formlega lokið meðferð. Hægt er að staðfesta að fagfólk Sigurhæða er að vinna mjög markvisst að þróun meðferðarstarfsins og skoða heppilega og heildstæða nálgun við eftirfylgni. Könnun á viðhorfi þjónustuþega til veittrar þjónustu var endurskilgreind sem hluti af ytra mati og hugmyndin að þróa tæki fyrir slíkt mat til framtíðar. Nú er búið að þróa hana og að endurskoðun lokinni ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að hún verði reglubundinn liður í innra mati eins og til stóð.

5.6 Starfsfólk

Hjá Sigurhæðum starfar bæði fagfólk og sjálfbodaliðar úr hópi félagskvemma í Soroptimistasklúbbsi Suðurlands.

5.6.1 Fagfólk

Gengið var frá starfssamningum við fagfólk, teymisstýru og sálfræðing, á undirbúningstíma verkefnisins eins og verklýsing gerir ráð fyrir. Einn fagaðili, fjölskyldumeðferðarfræðingur, bættist í hópinn í júní 2021 sem sinnir forviðtölum, stuðningsviðtölum og hópastarfi með teymisstýru. Fagfólki var í upphafi boðin stuðningur en hann afþakkaður því þær töldu að sig hafa nægilegan stuðning í tengslum við önnur störf sín og hver af annarri. Allt eru þetta konur með mikla reynslu á sviðinu sem sinna þjónustu hjá Sigurhæðum samhliða annarri vinnu. Á fyrsta starfsárinu hafa þær allar aukið viðveru sína talsvert. Allar eru þær sammála um að eins og staðan er í dag sjái þær ekki fyrir sér að bæta mikið við sig í vinnu hjá Sigurhæðum.

Teymistýra og sálfræðingur Sigurhæða eru sammála um að innleiðingin hafi gengið mjög vel og segjast vera mjög ánægðar með hvernig starfsemin hefur þróast. Þær eru sérstaklega þakklátar fyrir það traust sem þeim er sýnt með því að veita þeim frelsi og svigrúm til að þróa þjónustuna og laga hana að þörfum skjólstæðinganna. Það finnst þeim áhugaverð fagleg áskorun.

Gögn rannsóknarinnar, bæði eigindleg og meginndleg, sýna að álagið hefur verið töluvert og málin þyngri en búist var við í upphafi. Bið eftir lausum tímum er farin að lengjast, erfiðara er orðið að sinna öllum konum eins vel og vilji er til. Svigrúm til að axla verkefni annarra fagaðila eða auka viðveru er einnig takmarkað með mönnun eins og hún er í dag. Rannsóknir hafa sýnt að streita og álag og afleiðingar þess (t.d. veikindi) eru þekkt og viðvarandi vandamál í þessum geira og starfsmannaþörf oft vanmetin strax í upphafi. Einnig hefur það sýnt sig að starfsfólki í þessum geira, sem oft er mikið hugsjónafólk, finnst erfitt að vita af biðlistum og hefur tilhneigingu til að færa fórnir til að stytta þá. Mælt er með því að Sigurhæðir, í samráði við sitt fagfólk, marki skýra stefnu um hámarksfjölda viðtala og meðferðartíma á hvert starf. Til framtíðar er auk þess mikilvægt að fylgjast vel með álagi á starfsfólk og bregðast við ef breyting verður á. Það er sérstaklega mikilvægt hjá Sigurhæðum vegna þess að lengri veikindi eða aðrar fjarvistir fagfólks gætu stöðvað meðferðarstarf ef enginn er til að grípa boltann. Slík vitneskja ein og sér getur aukið álag. Fagfólk Sigurhæða hefur hingað til ekki talið sig þurfa handleiðslu óháðs fagaðila í tengslum við vinnu sína hjá Sigurhæðum en það er eitthvað sem vert að skoða í tengslum við störf þeirra. Í þessu samhengi má benda á að það er einn af fáum veikleikum Sigurhæðaverkefnisins hversu fáir fagaðilar starfa þar.

5.6.2 Sjálfbodaliðar

Á undirbúningstíma verkefnisins var starfandi bakhópur Soroptimistaklúbbsins sem aðstoðaði verkefnisstjóra eftir þörfum, einkum við þróun verkefnislýsingar. Gjaldkeri Sigurhæða kemur einnig úr hópi Soroptimista sem og aðstoðarverkefnisstjóri sem heldur utan um vaktir sjálfbodaliða innan Sigurhæða. Öll þessi störf eru unnin í sjálfbodavinnu.

Sjálfbodaliðastarfið í Sigurhæðum hefur verið undirbúið og innleitt í samræmi við áætlanir. Eina frávikið er að sjálfbodaliðar hafa ekki tekið þátt í hópastarfi eins og upphaflega var hugmyndin. Þegar á reyndi kom í ljós að það hefði verið mjög tímafrekt verkefni að þjálfar þær upp í það starf og því horfið frá þeirri hugmynd. Niðurstöður innra eftirlits benda til þess að vel hafi tekist til með sjálfbodaliðastarfið, almenn ánægja ríkjandi og fjöldi vakta ásættanlegur. Haldnir eru reglulegir samráðs- og viðrunarfundir þar sem meðal annars hægt að ræða erfiða reynslu í starfinu ef konurnar hafa upplifað slíkt. Þar sem einnig var talið hugsanlegt að sjálfbodaliðastarfið opnaði á gamlar ofbeldistengdar minningar hafa konurnar sérstaklega verið hvattar til að nýta sér þjónustu Sigurhæða ef svo er. Sjálfbodaliðarnir upplifa einnig upp til hópa ýmsan ávinning af þátttöku í verkefninu, bæði fyrir þær sjálfar og klúbbinn þeirra. Nær allar eru sammála því að verkefnið hafi styrkt starfsemi klúbbsins og haft jákvæð áhrif á starfsemina. Þess má einnig geta að talsvert hefur fjölgað í klúbbum eftir að Sigurhæðaverkefnið fór af stað og er það viðsnúningur frá þróun undanfarinna ára. Hvað persónulegan ávinning varðar þá er til dæmis mikill meirihluti sammála því að þátttaka í sjálfbodaliðastarfinu hafi ýtt undir kynni þeirra af nýju fólki, látið þeim finnast framlag sitt skipta máli og veitt þeim ánægju.

Sjálfbodaliðar eru að störfum bæði þegar það er opið hús og þegar verið er að veita þjónustu. Reynslan hefur sýnt að það eykur ánægju að skipuleggja starfið þannig að allar fái tækifæri til að vera á vakt þá daga sem þjónusta er í boði eða eins og einhver orðaði það – þá eru þær nær hjarta Sigurhæða .

6. Helstu niðurstöður

Sigurhæðir eru úrræði fyrir konur 18 ára og eldri sem eru þolendur kynbundins ofbeldis og búsettar á Suðurlandi. Í þessum kafla er dregið saman hvernig til hefur tekist á fyrsta starfsárinu, ljósi varpað á helstu styrkleika og veikleika verkefnisins og tækifæri til umbóta dregin fram.

6.1 Markmið og árangur

Meginmarkmið verkefnisins er að skapa konum sem orðið hafa fyrir kynbundnu ofbeldi nýjan og öruggan vettvang í nærsamfélagi sínu til að vinna með aðstoð fagfólks úr áföllum og auka lífsgæði sín, heilbrigði og samfélagsþátttöku. Einnig er það markmið að auka aðgengi markhópsins að lögfræðilegri ráðgjöf og aðstoð lögreglu.

Sigurhæðir hafa opnað og þar er boðið upp á alla þjónustu sem lagt var upp með. Á fyrsta heila starfsárinu hefur 101 kona eða 0,7% sunnlenskra kvenna í markhópnum, nýtt sér þá þjónustu sem í boði er. Konurnar eru ánægðir með viðmótið, andann í húsinu og öryggistilfinninguna sem þær upplifa þar, meðferðaraðila, fagmennsku þeirra og einstaklingsmiðaða nálgun í meðferðinni. Lögregla og Kvinnaráðgjöfin bjóða upp á viðtöl í Sigurhæðum og Mannréttindaskrifstofa Íslands réttindaráðgjöf og túlkþjónustu fyrir konur af erlendum uppruna. Þessi þjónusta hefur öll verið nýtt. Það er því nokkuð ljóst að þessi markmið hafa náðst. Upplýsingar um þjónustu samstarfaðila virðast þó ekki alltaf hafa komist til skila og því tækifæri til umbóta á því sviði.

Annað markmið Sigurhæðaverkefnisins er að auka samvinnu aðila sem vinna með málaflokkinn á Suðurlandi og að formlegir samstarfaðilar Sigurhæða nýti úrræðið fyrir þá þolendur sem til þeirra leita og ætla má að geti haft gagn af úrræðinu. Formlegir samstarfsaðilar Sigurhæða eru öll 15 sveitarfélög in á Suðurlandi og félagsþjónustur þeirra, lögreglu- og sýslumannsembættin á starfssvæðinu, Heilbrigðisstofnun Suðurlands og Gedheilsuteymi HSu, Mannréttindaskrifstofa Íslands og Kvinnaráðgjöfin. Óformlegir samstarfsaðilar eru Stígamót, Bjarkarhlíð, Kvennaathvarfið, Rótin og Birta starfsendurhæfing Suðurlands. Þess má geta að auk formlegra samstarfsaðila hefur Birta einnig vísað skjólstæðingum sínum á úrræðið. Allir formlegir samstarfsaðilar eiga fulltrúa í verkefnisstjórn Sigurhæða. Almenn ánægja er með samstarfið og samstarfsaðilar hafa trú á því að úrræðið mæti þörfum þolenda, upplifa skuldbindingu við verkefnið og gera ráð fyrir að halda samstarfinu áfram. Þátttaka í verkefnisstjórn þykir einnig hafa skilað aukinni þekkingu og skilningi á hlutverki og þjónustu samstarfsaðila og styrkt þverfaglegt tengslanet á Suðurlandi en þar eru tækifæri til að gera enn betur. Verkefnisstjórnin hefur gegnt sínu mikilvægasta hlutverki vel, að tryggja snurðulaust samstarf og tilvísanir milli aðila og verið vettvangur gagnvirkar upplýsingamiðlunar og nýunga í samstarfi. Vísbendingar eru um að tækifæri sé til að bæta enn frekar faglegt samráð og samstarf. Helstu hindranir í samstarfi og tilvísunum eru taldar vera landfræðilegar, eins og búseta fjarri Sigurhæðum, slæm veður og færð, og lagalegar, einkum takmarkanir á upplýsingaflæði milli samstarfsaðila vegna persónuverndarlaga. Í lok fyrsta heila starfsárs Sigurhæða voru meðal þjónustuþega konur frá 13 af 15 sveitarfélögum og vísbendingar um að landfræðilegar hindranir séu ekki eina skýringin. Mikill meirihluti hafði frétt af úrræðinu í gegnum félagsþjónustu sveitarfélaga og Gedheilsuteymi HSu en einnig lögregluna og Birtu. Tilvísanaaðilar gætu verið fleiri því listi sem merkt er við í forviðtali er ekki tæmandi með tilliti til núverandi samstarfsaðila. Eftir því sem næst verður komist er þetta víðtækasta og virkasta svæðisbundna samstarf sem tengist úrræði fyrir þolendur kynbundins ofbeldis á Íslandi. Það má því með sanni segja að þetta markmið hafi einnig náðst.

Þriðja markmiðið verkefnisins er að auka vitund og þekkingu á kynbundnu ofbeldi bæði meðal samstarfsaðila og almennings á Suðurlandi. Erfitt er að mæla hvort vitund um og þekking á kynbundnu ofbeldi hafi aukist en vísbendingar eru um árangur á því sviði á meðal samstarfsaðila að minnsta kosti.

Þegar á heildina er litið hafa öll markmið Sigurhæðaverkefnisins náðst að hluta til eða öllu leyti og stundum gott betur. Eins og alltaf er þó á ýmsum sviðum tækifæri til að gera ennþá betur.

6.2 Innleiðing, stefna og stjórnun

Hægt er að staðfesta að verkefnið var vel undirbúið og innleiðingarferlið vel skipulagt og framkvæmt. Þegar á heildina er litið var innleiðingarferli Sigurhæðaverkefnisins í samræmi við verklýsingu og tíma-áætlanir. Smávægileg frávik eru frá verkefnislýsingu en þau höfðu ekki áhrif á innleiðingarferlið í heild sinni og voru oft til bóta. Nálgunin gerir það að verkum að allir samstarfsaðilar upplifa sig sem fulla þátttakendur í verkefni sem hefur það ekki bara að markmiði að þjónusta skjólstaðingana heldur einnig stofnanir nærsamfélagsins og í reynd samfélagið allt. Góður undirbúningur og sú nálgun sem tekin var við verkefnið eru án efa mikilvægir styðjandi þættir.

Sigurhæðir eru ekki skilgreindar sem sjálfstæð frjáls félagasamtök heldur eru frjálsu félagasamtökin Soroptimistaklúbbur Suðurlands eigandi verkefnisins, klúbbur sem í dag telur 29 konur. Klúbburinn ber einn fjárhagslega ábyrgð á verkefninu en verkefnisstjóri starfar í umboði stjórnar klúbbsins og ber ábyrgð á innleiðingu verkefnisins og daglegum rekstri. Hún er klúbbsystir, hugmyndasmiður verkefnisins og vann starf sitt í sjálfboðavinnu á undirbúningstímanum og fyrstu níu mánuðina eftir opnun. Þrettán manna verkefnisstjórn, skipuð fulltrúum Soroptimistanna og samstarfsaðila auk teymisstýru Sigurhæða, ber í dag ábyrgð á stefnumörkun Sigurhæða og veitir ráðgjöf um helstu fjárhagslegar skuldbindinga og aðrar stórar ákvarðanir. Eitt helsta hlutverk verkefnisstjórnarinnar er að tryggja snurðulaust samstarf og tilvísanir milli aðila með það að markmiði að tryggja skjólstaðingum sem besta þjónustuna og hefur hún sinnt því hlutverki vel. Teymisstýra er mjög ánægð með að hafa fengið að taka þátt í verkefnisstjórn. Aðild hefur gefið henni mjög góða innsýn í þarfir samstarfsaðilanna og verið bæði hagnýt og faglega áhugaverð fyrir hana. Á fyrsta starfsári Sigurhæða hefur nýjum samstarfsaðilum jafnóðum verið boðin þátttaka í verkefnisstjórn en formlegar breytingar hafa ekki verið gerðar á skipan hennar. Stjórnskipan Sigurhæða er því nokkuð óvenjuleg en hefur virkað vel hingað til. Ljóst er að það þarf að endurskoða ákvæði um skipan verkefnisstjórnar. Auk þess komu fram vísbendingar eru um að það skorti annan samstarfsvettvang með sérstakri áherslu á faglegt samstarf. Stefna og framtíðarsýn Sigurhæða hefur ekki verið mörkuð með formlegum og heildstæðum hætti en birtast með óformlegum og nokkuð brotackenndum hætti í verklýsingu Sigurhæðaverkefnisins. Ástæða er til að undirstrika mikilvægi þess að nálgast alla endurskoðun á stjórnskipulagi og samstarfi með heildstæðum hætti.

6.3 Fjármögnun

Lagt er upp með að þjónusta Sigurhæða sé gjaldfrjáls. Tæplega 7 af hverjum 10 þátttakendum í könnuninni á viðhorfi til Sigurhæða sagði að það hefði haft áhrif á ákvörðun sína um að leita til Sigurhæða að þjónustan var þeim að kostnaðarlausu. Niðurstöðurnar benda því sterklega til þess að það hafi verið góð ákvörðun. Verkefnisstjóri hefur hingað til einn borið hitann og þungann af fjáröflun. Vel gekk að fjármagna undirbúning verkefnisins og rekstur Sigurhæða til ársloka 2021. Fjármagnið kom úr ýmsum áttum en alltaf var um staka styrki að ræða og engin loforð voru gefin um fjármögnun til framtíðar. Reynslan af fyrsta heila starfsárinu sýnir að miðað við þá þjónustu sem er í boði í dag og hvernig aðsóknin hefur þróast þarf um 33 milljónir á ári til að halda rekstrinum gangandi. Rýning á gögnum tengdum fjáröflun sýnir að mikil vinna liggur að baki mörgum styrkumsóknanna, ólíklegt í flestum tilvikum að hægt verði að sækja styrki aftur og aftur til sömu styrktaraðila. Það er því varla raunhæft að gera ráð fyrir að Soroptimistaklúbbi Suðurlands takist til framtíðar að afla stakra styrkja á hverju ári til að standa undir rekstrinum. Að því sögðu þá er búið er að leggja fram tillögu um fjármögnun Sigurhæða til framtíðar. Verkefnisstjórnin hefur þróað og kynnt fjármögnunarmodel sem gerir ráð fyrir að ríkið leggi til um helming rekstrarfjár, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga og sveitarfélögin á Suðurlandi um þriðjung og Soroptimistaklúbburinn afganginn. Sorptimistar treysta sér til

að sjá um sinn hlut, öll sveitarfélögin nema eitt hafa þegar samþykkt módelið fyrir sína parta³² en samt er enn í gangi við ríkið, þ.m.t. félags- og vinnumarkaðsráðuneytið. Það hefur því ekki tekist að tryggja fjárhagslegan grundvöll Sigurhæða til framtíðar. Gangi fjáröflunarmódel verkefnisstjóra ekki upp þarf að taka stöðuna á ný. Nokkuð ljóst er að fjármögnun er stærsta hindrunin sem þetta verkefni mun mæta.

6.4 Samstarf

Tekist hefur að ná mikilli samstöðu á Suðurlandi um þátttöku í Sigurhæðaverkefninu og sennilega einstakur árangur að ná svo breiðri svæðisbundinni samstöðu um svona verkefni. Meðal skýringa á miklum vilja til þátttöku og breiðri samstöðu er að Sigurhæðaverkefnið þykir metnaðarfullt og vel undirbúið grasrótaverkefni og forystan traust en ekki síður sú nálgun að Sigurhæðir séu ekki bara stakt verkefni heldur sameiginlegt samfélagsverkefni sem mikil þörf er á, allir græði á og sem virki ekki vel nema allir taki þátt og sinni sínu hlutverki. Einnig er mikil trú á því að Sigurhæðir mæti þörfum þolenda kynbundins ofbeldis og einbeittur vilji til áframhaldandi samstarfs. Helstu hindranir í samstarfi og tilvísunum eru taldar vera landfræðilegar, eins og búseta fjarri Sigurhæðum, slæm veður og færð, og lagalegar, einkum takmarkanir á upplýsingaflæði milli samstarfsaðila vegna persónuverndarlaga. Engar skýrar vísbendingar eru þó um að þetta séu óyfistíganlegar hindranir og líklega hægt að komast fyrir margar þeirra með því að leita skýringa og lausna með markvissum hætti.

6.5 Þjónusta

Markhópur Sigurhæða eru konur, þolendur kynbundins ofbeldis, 18 ára og eldri, sem búsettar eru á Suðurlandi. Tryggja þarf að skilgreining markhópsins sé örugglega í samræmi við gildandi lög um kynrænt sjálfræði. Allar konur sem til Sigurhæða hafa leitað hafa fengið þjónustu. Sigurhæðir hafa sérstöðu á landsvísi því þar stendur skjólstaðingum til boða bæði ráðgjöf og stuðningur eins og víða annars staðar en að auki er í boði meðferð í hópastarfi og EMDR meðferð fyrir einstaklinga.

Áætlanir gerðu ráð fyrir 64 konum á ári en fyrsta heila starfsárið eru þjónustuþegarnir orðnir 101. Aðsókn er því meiri en gert var ráð og vísbendingar um að hún fari vaxandi. Konurnar eru á aldrinum 18-80 ára en best hefur gengið að ná til kvenna í aldursflokknum 31-40 ára og síst til kvenna í þeim elsta. Nokkuð vel hefur gengið að ná til kvenna af bæði íslenskum og erlendum uppruna en hlutfall erlendra kvenna er þremur prósentustigum lægra en á landsvísi. Eldri konur og konur af erlendum uppruna eru skilgreindar sem viðkvæmur hópur og því mikilvægt að reyna að ná betur til þeirra. Sterkar vísbendingar eru um að þjónustuþegahópur Sigurhæða sé öðruvísi samansettur en hjá öðrum úrræðum sem þjónusta þolendur kynbundins ofbeldis en hlutfall þeirra sem eru öryrkjar eða á starfsendurhæfingarlífeyri er hátt hjá Sigurhæðum. Skýringa er sennilega að leita í að yfir helmingur kvennanna frétti af Sigurhæðum í gegnum félagsþjónustu eða heilbrigðiskerfið. Gögnin má því túlka sem sterka vísbendingu um að þyngd mála sé mikil hjá Sigurhæðum og reynsla fagaðila styður það.

Öll þjónusta sem lagt var upp með er í boði og ein meðferðarlota í hópastarfi bæt看 við. Framboð á þjónustu virðist enn sem komið er uppfylla þjónustuþörfina en biðlistar hafa þó verið að myndast. Þjónustuferlið hefur þróast með nokkrum öðrum hætti en gert var ráð fyrir. Fagfólk Sigurhæða hefur frá upphafi lagt mikinn faglegan metnað í að þróa þjónustuna og ferlið með tilliti til þarfa skjólstaðingahópsins og innan þess fjárhagslega ramma sem þeim hefur verið settur. Niðurstöður könnunar á viðhorfi þjónustuþega eru afgerandi jákvæðar. Eitt ár er skammur tími í meðferðarstarfi eins og Sigurhæðir bjóða upp á en fyrstu niðurstöður árangursmats benda til þess að meðferðarstarfið hafi skilað árangri.

³² Samtal er enn í gangi við 1 sveitarfélag sem samþykkti einungis um 50% af sínum hluta.

Vel hefur verið haldið utan um töluleg gögn um þjónustuþegahópinn og bakgrunn hans, nýtingu þjónustu og mætingu í bókaða tíma. Við vinnslu þessara skýrslu kom í ljós að það þarf að skipuleggja betur söfnun þessara gagna, úrvinnslu þeirra, framsetningu og aðgengi að þeim. Samstarfsaðilar hafa meðal annars kallað eftir reglulegri upplýsingagiöf um þróun aðsóknar eftir sveitarfélögum.

6.6 Starfsfólk

Töluvert álag er á fagaðilum sem veita þjónustu í Sigurhæðum bæði vegna mikillar aðsóknar og fjölda þungra og erfiðra mála. Allir þrír fagaðilarnir hafa aukið viðveru sína en svigrúm til aukinnar viðveru er orðið takmarkað og álagið farið að segja til sín. Mikilvægt er að fylgjast vel með álagi á starfsfólk. Fagfólk Sigurhæða hefur hingað til ekki þegið handleiðslu óháðs fagaðila í tengslum við vinnu sína hjá Sigurhæðum en það er eitthvað sem vert er að skoða. Sjálfbodaliðar eru ánægðir og upplifa bæði persónulegan ávinning af störfum sínum og jákvæð áhrif á klúbbinn.

Lokaorð

Þegar á heildina er litið hefur Sigurhæðarverkefnið gengið afskaplega vel. Soroptimistaklúbbur Suðurlands og samstarfsaðilar hafa náð öllum markmiðum sínum þó að alltaf sé tækifæri til að gera enn betur. Á aðeins einu ári hefur tekist að þróa nýtt og metnaðarfullt meðferðarúræði fyrir þolendur kynbundins ofbeldis sem samstarfsaðilar nýta og treysta. Skilaboð þjónustuþega til stjórnenda Sigurhæða eru skýr:

„Ekki hætta.“

„Plís, plís, ekki hætta.“

„Þið megið alls ekki hætta.“

Viðauki 1: Könnun á viðhorfi þjónustuþega

Könnunin, framkvæmd og svarhlutfall

Könnun á viðhorfi þjónustuþega til veittrar þjónustu hjá Sigurhæðum er hluti af gagnaöflun vegna ytri úttektar á Sigurhæðum. Könnunin er símakönnun með 10 spurningum.

Í þýði eru allar konur sem þegið hafa einhverja þjónustu hjá Sigurhæðum á tímabilinu 21. mars 2021-30. mars 2022, samtals 101 kona. Starfsfólk Sigurhæða hafði samband við allar konurnar, lét þær vita að til staði að hringja út þjónustukönnun í tengslum við ytra mat á Sigurhæðarverkefningu. Óskað var eftir heimild til að afhenda rannsóknaraðila nöfn þeirra og símanúmer. Alls gáfu 76 konur, eða 76% hópsins, leyfi fyrir því að nöfn þeirra færu á listann.


Listi með nöfnunum 76, símanúmeri og bakgrunnsupplýsingum um aldur, búsetu og þjóðerni hópsins var afhentur verkefnisstjóra rannsóknarinnar.

Hringt var í alla á listanum á tímabilinu 19. apríl – 4. maí 2022 og svaraði 61 kona könnuninni. Svarhlutfall í úrtaki var því 82%.

Gerður var samanburður á bakgrunnsupplýsingum milli þess hóps sem svaraði könnuninni og þjónustuþegahóps Sigurhæða. Þjónustuþegar koma úr 13 sveitarfélögum og öll áttu fulltrúa í könnuninni. Þar sem þjónustuþegar eru rúmlega 101 og koma úr 13 af 15 sveitarfélögum eru hlutfallsútreikningar ekki nægilega marktækir til að hægt sé að setja þá fram með heildstæðum hætti. Þegar á heildina er litið var samræmi nokkuð gott. Helsti munurinn var að hlutfall þátttakenda í yngsta aldursflokknum (18-30 ára) var átta prósentustigum lægra en í þjónustuþegahópnum og sjö prósentustigum hærra í þeim elsta (61-80 ára). Svör fengust frá þjónustuþegum úr öllum 13 sveitarfélögum en hlutfall þátttakenda frá Árborg var 13 prósentustigum lægra en í þjónustuþegahópnum og átta prósentustigum hærra í Hveragerðisbæ. Engar vísbendingar komu fram, hvorki við úthringingu frá Sigurhæðum eða við framkvæmd könnunarinnar, um að ákveðinn hópur, til dæmis óánægðir þjónustuþegar hafi valið sig frá þátttöku en ekki er hægt að útiloka það.


Niðurstöður

Mynd 1 sýnir hlutfall þeirra sem leituðu fyrst til Sigurhæða eftir því hvort um var að ræða nýlegt ofbeldismál, eldra ofbeldismál eða hvoru tveggja. Eins og þar kemur fram er meira en 2/3 hópsins sem leita til Sigurhæða vegna eldra ofbeldismáls eða mála. Það er í samræmi við reynslu fagaðila hjá Sigurhæðum sem segja að þær fái til sín mikið af málum sem eru gömul, samþætt og erfið og konurnar oft búnar að velkjast lengi í kerfinu.




Mynd 1. Þegar þú leitaðir fyrst til Sigurhæða, var það þá vegna þess að þú hafðir nýlega orðið fyrir ofbeldi eða var það vegna eldra ofbeldismáls?

Öll þjónusta hjá Sigurhæðum er ókeypis og spurt var hvort það hefði haft áhrif á ákvörðun þeirra um að hafa samband. Eins og mynd 2 sýnir þá svaraði rúmlega 2/3 hluti hópsins því játandi, tæplega 1/3 neitandi og 2% var ekki viss. Svör eru yfirleitt afgerandi já eða nei. Sumar nefndu þó að þeim hefði verið vísað á úrræðið og hefðu ekkert velt kostnaði fyrir sér í upphafi. Aðrar sögðu að það hefði skipt öllu máli því þær hefðu alls ekki efni á því að borga fyrir slíka þjónustu hjá sjálfstætt starfandi meðferðaraðilum. Það skiptir því greinilega miklu máli fyrir meirihluta þjónustuþega að þjónustan er ókeypis.



Mynd 2. Hafði það áhrif á ákvörðun þín um að hafa samband við Sigurhæðir að öll þjónusta sem þar er veitt er þér að kostnaðarlausu?

Konurnar voru spurðar hversu ánægðar eða óánægðar þær væru með þjónustu Sigurhæða þegar á heildina væri litið. Eins og mynd 3 sýnir þá voru þær allar ánægðar með þjónustuna og mikill meirihluti eða 92% mjög ánægðar.



Mynd 3. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð eða óánægð ert þú með þá þjónustu sem þú hefur fengið hjá Sigurhæðum?


Konurnar voru einnig spurðar hvað þær væru helst ánægðar með. Raðað í áhersluröð voru sterkustu þemun sem fram komu við greiningu þessi:

1. Ánægja með viðmótið, andinn í húsinu og öryggisfinninguna.
2. Ánægja með meðferðaraðila, fagmennsku þeirra og einstaklingsmiðaða nálgun.
3. Ánægja með hópinn og hópastarfið.


Konurnar voru einnig spurðar hvort þær hefðu verið óánægðar með eitthvað. Fáar svöruðu því játandi en þær sem það gerðu nefndu til dæmis:

- Skort á lausnum þegar meðferðarmöguleikar í boði hentuðu ekki.
- Of langur tími á milli viðtala.
- Ókosti sem fylgja þjónustu í litlum byggðarlögum.


Lesnar voru fimm fullyrðingar fyrir konurnar um ávinning af ferlinu hjá Sigurhæðum og þær beðnar að segja hversu sammála eða ósammála þær væru þeim. Myndir 4-8 sýna niðurstöðuna. Eins og þar kemur fram segist meirihluti kvennanna hafa upplifað þann ávinning sem spurt var um. Um 80% kvennanna var sammála eða mjög sammála því ferlið hjá Sigurhæðum hefði verið valdeflandi fyrir þær, aukið sjálfstraust þeirra og haft jákvæð áhrif á líkamlega og/eða andlega heilsu þeirra. Um 64% voru einnig sammála eða mjög sammála því að ferlið hefði haft jákvæð áhrif á fjölskyldulíf sitt, einkalíf, starf og eða nám og styrkt tengsl þeirra við annað fólk. Niðurstöðurnar benda því til þess að þær telji að mikill ávinningur sé af ferlinu hjá Sigurhæðum.




Mynd 4. Ferlið hefur verið valdeflandi fyrir mig




Mynd 5. Ferlið hefur aukið sjálfstraust mitt



Mynd 6. Ferlið hefur haft jákvæð áhrif á líkamlega og/eða andlega heilsu mína



Mynd 7. Ferlið hefur haft jákvæð áhrif á fjölskyldulíf mitt/einkalíf/starf/nám



Mynd 8. Ferlið hefur styrkt tengsl mín við annað fólk

Konurnar voru einnig spurðir hvort þær hefðu upplifað einhvern annan ávinning af ferlinu og þá hvað helst. Helstu þemu sem fram komu í þeim svörum voru:

- Minni meðvirkni.
- Aukinn sjálfsskilningur.
- Aukin geta til að takast á við afleiðingar ofbeldis.
- Aukinn skilningur á birtingarmyndum ofbeldis og afleiðingum þess.
- Aukinn styrkur til að koma sér út úr ofbeldissambandi.
- Aukin geta til að opna á, koma orðum að og tala um ofbeldið.
- Aukin félagsleg tengsl með hópastarfi.

Konurnar voru spurðir hvort þær hefðu einhvern tímann fengið þjónustu vegna ofbeldisins, áður en þær leitaðu til Sigurhæða. Um 72% svörðu þeirri spurningu játandi og 89% þeirra töldu að þjónustan hjá Sigurhæðum hefði bætt einhverju við. Dæmi um svörum:

- Bara allt öðruvísi þjónusta. Ekki hægt að líkja þessu saman.
- Betri ráðgjöf, persónuleg, fagleg og lausnamiðuð nálgun.
- EMDR meðferðin.
- Hljájan, umhyggjan, friðurinn og öryggið sem maður finnur í Sigurhæðum. Mun betra en kuldalegt viðmót stofnanna.
- Hópastarfið.
- Kafað dýpra.
- Meðferð en ekki bara stuðningur, ráðgjöf og tilvísanir.
- Meira en að koma manni yfir versta hjallann.
- Mikill ávinningur á stuttum tíma.
- Ofbeldið er ekki í brennipunkti heldur ég og mínar þarfir.
- Úrræði í nærsamfélaginu og allt á einum stað.

Þátttakendur voru einnig spurðir hvort það væri einhver önnur þjónusta en boðið er upp á í Sigurhæðum sem áhugi væri á að fá þar. 14 konur svörðuð þeirri spurningu játandi og dæmi um óskir eru:

- Námskeið í áfallatengda næringarfræði.
- Fleiri tíma í EMDR.
- Geðlækniþjónusta (veit að það er óraunhæft en samt).
- Meira hópastarf t.d. opið hús.
- Sambandsráðgjöf.
- Samtalsmeðferð hjá sálfræðingi.
- Sjálfstyrkingarnámskeið.
- Stuðningur inn til lögreglu og Kvennaráðgjafar.

Nokkrar nefndu einnig aðstoð frá lögreglu og lögfræðingi en sú þjónusta stendur til boða hjá Sigurhæðum. Það virðist því vera ástæða til að minna þjónustuþega á það öðru hvoru í ferlinu hvaða þjónusta er í boði.

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir myndu mæla með þjónustu Sigurhæða. Eins og mynd 9 sýnir svöruðu 98% spurningunni játandi og bættu gjarnan við 100%, 200%, 1.000, alla daga, alltaf eða alltaf að mæla með Sigurhæðum. Ein treysti sér ekki til að svara því hún taldi sig ekki hafa nægilegar reynslu.



Mynd 9. Myndir þú mæla með þjónustu Sigurhæða?

Í lok könnunarinnar var þátttakendum boðið að koma á framfæri ábendingum til stjórnenda Sigurhæða. Hluti hópsins þáði það og ábendingarnar voru allar jákvæðar. Dæmi um ábendingar sem bárust:

- „Bara virkilega þakklát fyrir að þið séuð til.“
- „Mér finnst þetta bara frábært starf.“
- „Ég er bara rosalega þakklát.“
- „Hrós til meðferðaraðila sem eiga það alveg skilið.“
- „Ég held að þetta sé bara besta þjónustan.“
- „Ég er bara mjög þakklát fyrir alla þolinmæðina.“
- „Þetta er mjög gott starf og eftirspurnin er örugglega meiri en þið gerið ykkur grein fyrir.“
- „Ekki hætta!!!“
- „Þið megið alls ekki hætta.“
- „Plís, plís, ekki hætta.“

Viðauki 2: Könnun á viðhorfi verkefnisstjórnar Sigurhæða

Rafræn Könnun á viðhorfi verkefnisstjórnar Sigurhæða til reynslu og árangurs af samstarfinu, send út á tímabilinu 21. mars – 4. apríl 2022. Könnunin var liður í gagnaöflun vegna ytri úttektar.

Samkvæmt verkefnislýsingu dags. 1. mars 2021 eiga 13 aðilar sæti í verkefnisstjórn Sigurhæða. Nýir samstarfsaðilar bættust í hópinn allt fram á seinni hluta árs 2022 og var þeim jafnóðum boðin þátttaka í verkefnisstjórn. Verkefnisstjórn var því fjölmennari en gert hafði verið ráð fyrir. Einnig er nokkuð um að aðrir hafi setið fundi, t.d. varamenn. Markhópur könnunarinnar var því skilgreindur sem allir einstaklingar sem setið höfðu einn eða fleiri verkefnisstjórnarfundum á úttektartímabilinu. Á þeim lista var 21 kona með mismikla reynslu af þátttöku, af þeim voru 8 úr hópi Soroptimista/Sigurhæða (38%) og 13 voru frá samstarfsaðilum (62%).

Samtals bárust 11 svör þannig að rúmlega helmingur svaraði. Svör bárust frá fulltrúum Soroptimista/Sigurhæða og öllum nema einum úr hópum samstarfsaðila. Svörun var töluvert betri meðal fulltrúa Soroptimista/Sigurhæða en samstarfsaðila.

Niðurstöður

Þegar á heildina er litið er ég ánægð með starfið í verkefnastjórninni.

- Allir 11 þátttakendur eru mjög sammála fullyrðingunni.

Ég hef fengið öll nauðsynleg gögn og upplýsingar um verkefnið og stöðu þess

- 9 þátttakendur eru mjög sammála fullyrðingunni og
- 2 eru frekar sammála.

Þegar á heildina er litið, hvernig telur þú að innleiðing verkefnisins, Sigurhæðir, þjónusta við þolendur kynbundins ofbeldis, hafi gengið?

- Allir 11 þátttakendur telja að innleiðing Sigurhæðaverkefnisins hafi gengið mjög vel.

Þátttaka í verkefnisstjórninni hefur ýtt undir þá tilfinningu að ég eigi hlutdeild í Sigurhæðum

- 7 eru mjög sammála fullyrðingunni og
- 4 eru frekar sammála.

Enginn munur kemur fram eftir því hvort um fulltrúa Sigurhæða eða samstarfsaðila er að ræða.

Byggt á þinni þekkingu og reynslu, hvað telur þú að hafi helst ýtt undir samstarfið við Sigurhæðir?

Þrjú meginþemu komi fram í svörum við þessari spurningu.

1. Mikil þörf fyrir úrræði eins og Sigurhæðir á Suðurlandi.
2. Gæði faglegs starfs innan Sigurhæða, góð reynsla af þjónustunni og ánægðir þjónustuþegar.
3. Sigurhæðaverkefnið eru metnaðarfullt og vel undirbúið verkefni og forystan traust.

Byggt á þinni þekkingu og reynslu, hvað telur þú helst hindra samstarf og tilvísanir milli samstarfsaðila Sigurhæða (t.d. landfræðilegar, fjárhagslegar, stjórnskipulegar, þekkingarlegar og/eða hugmyndafræðilegar hindranir eða annað).

Tú svörðu spurningunni um helstu hindranir í samstarfi og tilvísunum milli samstarfsaðila Sigurhæða.

- 6 nefna landfræðilegar hindranir
- 2 fjárhagslegar og
- 1 persónuverndarsjónarmið.

Dæmi um opin svör:

- Langt á milli staða og vond veður.
- Hópastarf og EMDR meðferð einungis í boði á Selfossi og ekki raunhæft að bjóða slíka þjónustu í gegnum fjarfundabúnað. Hugsanlega þarf að skoða hvort og þá hvernig hægt væri að þjónusta betur skjólstaðinga sem koma langt að.
- Ef það tekst ekki að fjármagna reksturinn.
- Persónuverndarsjónarmið geta sett því skorður hvaða upplýsingum er miðlað. Kannski þarf að bæta þekkingu og sameiginlegan skilning á hvað regluverkið leyfir og hvað ekki.

Þegar á heildina er litið, hversu mikla eða litla trú hefur þú á því að Sigurhæðir mæti þörfum þolenda kynbundins ofbeldis á Suðurlandi?

- 9 þátttakendur segjast hafa á því mikla trú og
- 2 frekar mikla trú.

Verkefnisstjórnin hittist nægjanlega oft

- 9 eru mjög sammála því að verkefnisstjórnin hittist nægjanlega oft og
- 4 eru frekar sammála.

Gögnin sýna að að fulltrúar sveitarfélaga/félagsþjónustu sveitarfélaga voru síður en aðrir fulltrúar í verkefnisstjórn mjög sammála því að verkefnisstjórnin hittist nægjanlega oft. Það má túlka sem vísbendingu um að þessi hópur óski eftir tíðari fundum í verkefnisstjórn.

Verkefnisstjórnarfundir hafa verið vel skipulagðir

- 10 eru sammála fullyrðingunni og
- 1 frekara sammála.

Verkefnastjórnarfundum hefur verið vel stjórnað

- 9 eru mjög sammála og
- 4 eru frekar sammála.

Þátttaka í verkefnisstjórninni hefur aukið þekkingu og skilning minn á kynbundnu ofbeldi

- 4 eru mjög sammála fullyrðingunni,
- 4 eru frekar sammála,
- 2 eru hvorki sammála né ósammála og
- 1 frekar ósammála.

Það eru einkum fulltrúar Soroptimista/Sigurhæða sem eru mjög sammála því að þátttaka í verkefnisstjórn hafi aukið þekkingu þeirra og skilning á kynbundnu ofbeldi. Skýringa á því gæti verið að leita í ólíkum bakgrunni hópa en Soroptimistar eru ekki sérfræðingar eða fagfólk sem starfar á sviðinu eins og flestir aðrir sem sitja í verkefnisstjórn.

Þátttaka í verkefnisstjórninni hefur aukið þekkingu og skilning minn á hlutverki og þjónustu samstarfsaðila

- 7 eru mjög sammála fullyrðingunni,
- 2 eru frekar sammála,
- 1 er hvorki sammála né ósammála og
- 1 er frekar ósammála.

Gögnin sýna að samstarfsaðilar sem vísa skjólstæðingum til Sigurhæða eru síst sammála því að þátttaka í verkefnisstjórn hafi aukið þekking skilning sinn á hlutverki og þjónustu samstarfsaðila. Það má túlka sem vísbendingu um að þörf sé á markvissari, ýtarlegri og aðgengilegri kynningu á hlutverki og þjónustu samstarfsaðila.

Þátttaka í verkefnastjórninni hefur auðveldað/aukið samstarf og tilvísanir milli samstarfsaðila

- 5 eru mjög sammála fullyrðingunni,
- 4 eru frekar sammála,
- 1 er hvorki sammála né ósammála og
- 1 er frekar ósammála.

Gögnin sýna að fulltrúar sveitarfélaga/félagsþjónustu eru síður sammála fullyrðingunni en aðrir hópar. Hugsanlega þarf því að skoða leiðir til að auðvelda/auka samstarf og tilvísanir milli samstarfsaðila.

Þátttaka í verkefnastjórninni hefur styrkt þverfagleg tengslanet á Suðurlandi

10 svöruðu spurningunni:

- 5 eru mjög sammála fullyrðingunni,
- 3 eru frekar sammála,
- 1 er hvorki sammála né ósammála og
- 1 er frekar ósammála.

Gögnin sýna að fulltrúar sveitarfélaga/félagsþjónustu og Soroptimista/Sigurhæða eru ólíklegri en aðrir hópar til að vera mjög sammála fullyrðingunni. Gögnin benda því til þess að hér sé tækifæri til að gera betur.

Þann 21. mars 2022 hafa Sigurhæðir starfað í eitt ár. Hversu miklar eða litlar líkur telur þú á að stofnun þín verði áfram samstarfsaðili Sigurhæða?

- 9 telja mjög miklar líkur á áframhaldandi samstarfi og
- 2 töldu frekar miklar líkur á því.

Ert þú með einhverjar hugmyndir eða óskir um fræðslu, þjálfun, leiðsögn eða annað sem þú telur að gæti eflt samstarfið enn frekar?

Nokkur svör bárust. Dæmi um opin svör:

- Opnir fyrirlestrar t.d. á Teams fyrir fagfólk á Suðurlandi.
- Opnir fyrirlestrar t.d. á Teams fyrir mögulega þjónustuþega á Suðurlandi.
- Skapa vettvang fyrir fagfundi.
- Skapa vettvang til að efla og samræma tilvísanir milli samstarfsaðila.
- Skapa vettvang til að ræða, efla og samræma upplýsingagjöf milli samstarfsaðila innan ramma persónuverndarlaga.

Viltu koma einhverju á framfæri sem þér þykir mikilvægt og ekki hefur verið vikið að hér að framan?

Dæmi um opin svör:

- Sigurhæðir eru mikilvægt úrræði fyrir konur sem margar hafa ekki haft aðgang að slíkri þjónustu áður.
- Takk fyrir Sigurhæðir.
- Held að við séum á hárréttum stað í verkefninu.
- Þurfum að tryggja framtíð þess.
- Hildur Jónsdóttir hefur unnið þrekvirki að halda þessu verkefni saman og verið mjög upplýsandi um gang þess.
- Innsýn sem veitt hefur verið á vettvangi verkefnisstjórnar inn í meðferðarstarfið sjálft og stöðu skjólstaðinga kemur að miklu gagni og bætir mjög við þá þekkingu sem er til staðar innan verkefnisstjórnarinnar.
- Handleiðsla fyrir meðferðaraðila Sigurhæða.